

SHALDÖR

skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt
Fasteignir.is
Híbýli og viðhald

híbýli og viðhald

FASTAÐIR

ALLT

Sérstök sápa
Heitu pottarnir í Laugardalslauginni
urðu kveikjan að hönnun á
handklæði og sápu.

allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

MÁNUDAGUR

PITT

19. júlí 2010 — 167. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Ferðalög lengi heillað
Jón Garðar Snæland gefur
út bók um fjallaskála á
Íslandi.

tímamót 16

Hönnuður stýrir hóteli
Fagstjórinn Linda Björg
Árnadóttir og maðurinn
hennar reka lítið hótél.

fólk 30



Blikar á toppinn
Breiðablik lagði Keflavík í
stórslag gærdagsins í Pepsi-
deildinni.

sport 24

veðrið í dag

HÆGUR VINDUR og bjart veður
verður víða um land í dag en þó
má búast við þokubökkum með
norður- og austurströndinni. Hiti
verður víða á bilinu 12 til 22 stig,
hlýjast sunnan- og vestanlands.

VEÐUR 4

Svoona sterk

Gerber

Því lengi byr að fyrstu gerð

Enn engin ákvörðun verið tekin um samgöngumiðstöð

Í apríl var kynnt að framkvæmdir við samgöngumiðstöð í Vatnsmýri ættu að hefjast í sumar. Þær áttu að skapa 80 til 90 störf. Nú er alls óvíst hvort farið verði í þessar framkvæmdir á árinu.

SKIPULAGSMÁL Áform um byggingu 3.200 fermetra samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri eru enn í bið. Reykjavíkurborg á eftir að veita samþykki fyrir því að hefja 100 daga kynningarferli en framkvæmdir gætu fyrst hafist að því loknu. Því er óljóst hvort þær munu hefjast á þessu ári.

Því var lýst yfir í vetur er leið að framkvæmdir ættu að hefjast í sumar og 80-90 manns myndu fá vinnu við verkið á tólf mánaða framkvæmdatíma. Borgaryfirvöld og samgönguráðuneyti gerðu

samkomulag um framkvæmdina í apríl og fyrir lá vilyrði lífeyrissjóða um að fjármagna verkefnið með lánum.

Samgöngumiðstöðinni hefur verið ætlað að hýsa starfsemi tengda innanlandsflugi og hópferðabílum. Henni er ætlað að rísa í grennd við Loftleihótelíð. Ráðgert hefur verið að innheimta nokkur hundruð króna gjald af hverjum seldum farmiða til að endurgreiða lán lífeyrissjóðanna vegna framkvæmdanna.

Málið hefur hins vegar ekkert

hreyfst frá því í apríl. Borgaryfirvöld tóku ekki ákvörðun um að hefja kynningarferlið meðal borgarbúa fyrir borgarstjórnarkosningarnar í maí í vor. Ný borgarstjórn hefur ekki fjallað um málið frá því hún var kjörin. Málið hefur verið umdeilt meðal borgarbúa. Andstæðingar flugvallar í Vatnsmýri telja að með framkvæmdinni verði flugvöllurinn festur í sessi þrátt fyrir að gildandi skipulag renni út eftir sex ár og þrátt fyrir að borgarbúar hafi ákveðið í atkvæðaa-

greiðslu fyrir meira en áratug að flugvöllurinn eigi að víkja úr Vatnsmýri.

Þrátt fyrir tilraunir undanfarna daga hefur Fréttablaðið ekki náð sambandi við nýjan formann og varaformann skipulagsráðs, Pál Hjaltason og Hjálmar Sveinsson, til að ræða málið og kanna vilja nýs meirihluta varðandi kynningarferli. Ekki náðist í Ölöfu Örvarsdóttur skipulagsstjóra vegna málsins. Næsti fundur skipulagsráðs borgarinnar er áformaður 11. ágúst.

- pg



VEÐURBLÍÐA Á ÞINGVÖLLUM Veðurblíða var á Þingvöllum um helgina. Hitinn komst þar í 23,9 gráður í gær og greip þetta fólk tækifærið og naut góða veðursins. Sumir kusu að fara í smá siglingu en aðrir að liggja í grasinu í sandölum og ermalausum bol.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

Íslendingar tapa trúverðugleika sínum vegna óstöðugleika íslenskra stjórn mála: Forstjóri biðlar til stjórnvalda

VIÐSKIPTI Erlendir markaðir finna fyrir óstöðugleika íslenskra stjórn mála og Íslendingar eru að missa trúverðugleika sinn á þeim. Þetta segir dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku og formaður Samtaka fyrirtækja í orku- og umhverfistækni.

Jón Ágúst hefur sent öllum þingmönnum bréf þar sem hann biðlar til þeirra og stjórnvalda að sýna samstöðu um stöðugleika, til að skapa viðunandi starfsskilyrði fyrir hugverkaiðnað í landinu. Hann hefur fengið mikil og

jákvæð viðbrögð við bréfinu og segir almennan skilning ríkja á því að samvinnu sé þörf til að koma landinu á réttan kjöl.

Jón Ágúst segir lykilatriði að halda samningaviðræðum við Evrópusambandið áfram. „Við mætum þeim viðhorfum erlendis að við göngum til samninga og drögum okkur svo í hlé. Við viljum ekki borga skuldir okkar. Við viljum ekki starfa með þeim sem lána okkur peninga, eins og AGS. Svona viðhorf stórskaða viðskipti okkar,“ segir hann. Hann segir að

Íslendingar verði að sýna fram á að þeir muni klára þessi mál. „Í viðskiptum er trúverðugleiki allt.“

Um tíu þúsund Íslendingar starfa í hugverkaiðnaðinum og hann veltir um 150 milljörðum á ári hérlandis, en 200 milljörðum erlendis. Mikilvægt er að vöxtur iðnaðarins fari fram á Íslandi, segir Jón Ágúst. Eins og staðan sé í dag hafi fyrirtæki eins og Marorka engar forsendur fyrir áframhaldandi vexti á Íslandi.

- þeb, - sv / sjá síðu 4

Steindinn okkar fær liðsauka: Fyndinn vinur ráðinn í vinnu

FÓLK Magnús Leifsson hefur bæst í hóp handritshöfundar að grínþáttunum Steindinn okkar sem voru sýndir á Stöð 2. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er ný þáttaröð fyrirhuguð á næsta ári en félagarnir Steindi Jr. og Ágúst Bent slógu í gegn með þeirri fyrstu.

„Hann er góður vinur okkar og mjög fyndinn náungi. Hann er líka mjög skapandi, sem er mjög mikilvægt þegar kemur að því að skrifa handrit,“ segir Steindi. „Hann var að lauma að okkur hugmyndum í fyrstu seríu sem við vorum ánægðir með og notuðum. Það var ekkert annað í stöðunni en að taka hann inn.“

- fb / sjá síðu 30



MAGNÚS LEIFSSON

HANDKLÆÐAOFNAR

Caleido

25% afsláttur

TILBOÐ VIKUNNAR

Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050



Eggert, leggstu undir feld áður en þú stígur á svið í Svíþjóð?

„Já, það er alveg nauðsynlegt. Fleiri ættu að gera það áður en þeir framkvæma.“

Feldskerinn Eggert Ólafur Jóhannsson kemur fram ásamt hljómsveit sinni, Spottunum, á sænski þjóðlagahátíð í ágúst.

Smyglarar gripnir í Malasíu: Með skjaldbökur í ferðatösku

MALASÍA Tollverðir á flugvellinum í Kuala Lumpur í Malasíu fundu 400 sjaldgæfar skjaldbökur og 40 froska í farangri tveggja kvenna sem voru að koma frá Madagaskar. Konurnar voru handtekna og bíða dóms.

Þetta er í annað skiptið á skömmum tíma sem smyglarar eru gripnir með sjaldgæf dýr á flugvellinum. Talið er að selja hafi átt dýrin í gæludýraverslanir og til veitingastaða. Yfirvöld hafa áhyggjur af því að á meðan pólitísk vandamál Madagaskar breytast ekki muni öloglegur flutningur á dýrum og plöntum úr landi aukast.

- ls



ALLT GEKK AÐ ÓSKUM Flugferðin til Bretlands gekk vel en um tíma var tví-sýnt hvort Dreamliner-vélin myndi taka þátt í flugsýningu á Bretlandi.

Dreamliner Boeing 787: Lenti utan Bandaríkjanna

BRETLAND Dreamliner Boeing 787-þota lenti í Farnborough í Bretlandi í gærdeg og er þetta í fyrsta skipti sem vélin lendir utan Bandaríkjanna. Með í för voru meðal annarra yfirmenn Boeing en flugvélin var alls níu klukkutíma á flugi. Flugstjóri ferðarinnar, Mike Bryan, bar lof á flugvélinu en ýmsar flugmælingar fóru fram meðan á fluginu stóð.

Flugvélin mun taka þátt í flugsýningu sem hefst í næstu viku en um tíma var óttast að vélin myndi ekki taka þátt vegna tæknilegra vandamála er komu upp á síðustu stundu.

- jma

SLYSFARIR

Sprakk við sandblástur

Lok sprakk framan í mann sem var við sandblástur á Suðurnesjunum í gær. Hann er ekki lífshættulega slasaður en var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og þaðan á Landspítala.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Stútur undir stýri

Ökumaður var stöðvaður, grunaður um ölvun og að vera undir áhrifum fíkniefna, af lögreglunni á Akureyri. Bílstjórinn var á leið út úr bænum þegar hann var stöðvaður og var ferjaður beint á lögreglustöðina.

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn funda á miðvikudag með launanefnd:

Boðað til sáttafundar í deilu

KJARAMÁL Boðað hefur verið til sáttafundar í kjaradeilu slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og launanefndar sveitarfélaganna á miðvikudag. Upp úr viðræðunum slitnaði fyrir helgi. Þá hafði launanefndin boðið 1,4 prósent launahækkun sem ekki var fallist á. Samningar nást ekki nema menn komi saman og ræði málin, segir Sverrir Björn Björnsson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn hafa boðað átta klukkustunda verkfall á föstudag náist



KJÖRUNUM MÓTMÆLT Slökkviliðsmenn vilja miða laun sín við laun lögreglumannna en segja launanefndina langt frá kröfum þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

samningar ekki fyrir þann tíma. Verkfallið þýðir að lágmarksfjöldi starfsmanna verður á hverri vakt og ekki verður hægt að kalla út aukamannskap. Líklega verður Akureyrarflugvelli lokað þar sem slökkviliðsmenn þar munu leggja niður störf. Þá munu þeir sem þurfa að komast á milli spítala líklega ekki komast, segir Sverrir.

Frekari verkfallsaðgerðir hafa svo verið boðaðar eftir föstudag, fyrst yfirvinnubann hinn 7. september og svo allsherjarverkfall ef ekki hafa náðst samningar.

- þeb

Pasta hefur hækkað um rúm 150 prósent

Verð á pasta er langt fyrir ofan vísitölu neysluverðs. Hækkun á verðlagningu hveitis á heimsmarkaði ásamt gengisfalli krónunnar sögð vera ástæðan. Fylgir ekki vísitölu neysluverðs á sama hátt og sambærilegar innfluttar matvörur.

NEYTENDUR Pasta hefur hækkað óvenju mikið í verði á síðustu árum hér á landi. Sé verðlagning borin saman við vísitölu neysluverðs sést glögglega að verðið tók stökk um mitt ár 2008 og fer svo stigvaxandi, hátt fyrir ofan vísitölu neysluverðs. Til samanburðar má skoða verðlag á kaffi, sem einnig er aðflutt vara, og sést að verðið heldur sig mestmegnis fyrir neðan vísitöluna.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að með verð á vörum sem þessum séu breytingar á heimsmarkaðsverði algengasta skýringin.

„Heimsmarkaðsverð á olíu er mikið í umræðunni á Íslandi og fólk virðist almennt gera sér grein fyrir því að markaðurinn er háður því hér á landi,“ segir Andrés. „En það sem vill gleymast er að það gildir nákvæmlega það sama um hráefni til matvinnslu eins og kaffi, hveiti, hrísgrjón og annað slíkt.“ Andrés segir að uppskerubrestir á hráefnum til matvæla geti haft gífurleg áhrif á heimsmarkaðsverð. „Þegar kólnar í Brasilíu, þá rýkur verð á kaffi upp.“

PASTA Hagsmunaaðilar segja algengustu skýringuna á verðhækkun innfluttrar vöru vera hækkun heimsmarkaðsverðs.



Andrés segir mikilvægt að koma Íslendingum í skilning um að ekki sé sjálfgefið að gengislækkunar hafi verðlækkunar í för með sér.


Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, sem er umboðsaðili fyrir Barilla pasta, tekur í sama streng og Andrés og segir ástæðu fyrir hækkunum vera almenna hækkun á heimsmarkaði.

„Gengið spilar líka inn í. Þegar það bætist við hækkun á heimsmarkaðsverði verður útkoman þessi.“

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir Íslendinga gera sér fulla grein fyrir því að verð úti í heimi hafi áhrif hér á landi á innfluttum vörum, en eftir styrkingu krónunnar þá kalli Neytendasamtökin eftir enn frekari verðlækkunum.

„Ef allt væri eðlilegt ætti verð á pasta að vera á niðurleið eins og á öðrum innfluttum vörum,“ segir hann. „Innflytjendur vöru verja hækkunar með veikingu krónunnar og þá ætlumst við til að þeir séu sjálfum sér samkvæmir og lækki verð þegar krónan styrkist. Við eigum talsvert mikið inni af verðlækkunum enn þá þó að þetta hafi að hluta til gengið til baka.“

sunna@frettabladid.is



Nýtt lok á olíuborholunni:

BP heldur prófunum áfram

BANDARÍKIN Olíufélagið BP vill halda loki, sem notað er til að stöðva olíulekann í Mexíkóflóa, á olíuleiðslunni þar til hægt verður að koma í veg fyrir lekann með endanlegum hætti.

Engin olía hefur lekið frá því að lokið var sett á fyrir helgi. Tilraunirnar hafa því gengið framár vonum og vilja forsvarsmenn BP halda áfram prófunum á nýja lokinu þangað til vinnu við nýja olíuborholu lýkur. Mögulegt er að ef áfram gengur vel með lokið verði það notað sem varanleg lausn.

- þeb



BLÓÐUG STYRJÖLD Morðin í Coahuila á sunnudag eru með þeim hrikalegri sem framin hafa verið í tengslum við eiturlyfjastriðið.

Eiturlyfjastriðið í Mexíkó: 17 myrtir í afmælisveislu

MEXÍKÓ Byssumenn hófu skotárás í afmælisveislu í borg í Coahuila-riki í Mexíkó á sunnudagsmorgun með þeim afleiðingum að 17 manns létust, þar á meðal afmælisbarnið. Talið er að morðin tengist eiturlyfjastriðinu í Mexíkó en glæpagengi hafa barist um völdin á svæðinu, sem er ein aðalsmygileið fyrir eiturlyf inn í Bandaríkin.

Styrjöldin í Mexíkó hefur stig-magnast síðustu misserin með auknu ofbeldi. Förnarlömbin á sunnudag voru yngst um tvítugt og það elsta var 38 ára en áráss-armennirnir skutu meira en 200 skotum af sjálfvirkum vélbyssum.

- jma

Benedikt Lafleur: Hætti eftir tvær mílur

FÓLK Sjósundkappinn Benedikt Lafleur þurfti að hætta eftir tæplega tveggja mílna sund en hann ætlaði að synda frá Landeyjahöfn til Vestmannaeyja fyrstur manna í gær. Benedikt lenti í köldum straumi hjá Markárflyjóti og í kjölfarið bætti í vind.

Haft var eftir Benedikt á fréttavefnum Eyjafrettir.is að ekkert vit hefði verið í að halda áfram.

Markmið sundsins var að vekja athygli á nýju siglingaleiðinni milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja. Leiðin er ellefu kílómetra löng.

- mmf

Selfridges hefur jólavertið: Jólin byrja í ágúst í London

ENGLAND „Jólin koma fyrr ár hvert,“ sagði Geraldine James, innkaupastjóri jóladeildar Selfridges í London, í samtali við breska ríkisútvarpið.

Verslunin Selfridges á Oxford-stræti í London hefur jólavertið sína 145 dögum fyrir jól, eða 2. ágúst næstkomandi. Verslunin hefur aldrei boðið jólavarning til sölu svo snemma.

Talsmenn verslunarinnar segja að sala undanfarinna ára sýni að sumir viðskipavinna séu farnir að huga að jóluum á ágúst. Á síðasta ári seldi verslunin yfir þúsund jólskraut í fyrstu vikunni sem hófst þá 8. ágúst.

- mmf

DRÖMLIÐ NOVA!

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!


NOVA




1



2



3



4



5



6



7



8



9



10



11

1

1.190 kr./mán.

Huawei U1250

0 kr. út og 1.190 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
12.990 kr./stgr.

2

1.890 kr./mán.

Huawei U7510

0 kr. út og 1.890 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
19.990 kr./stgr.

3

1.890 kr./mán.

Nokia 2730 Classic

0 kr. út og 1.890 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
19.990 kr./stgr.

4

2.190 kr./mán.

LG KU990i

0 kr. út og 2.190 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
24.990 kr./stgr.

5

2.590 kr./mán.

Nokia 7230

0 kr. út og 2.590 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
29.990 kr./stgr.

6

2.890 kr./mán.

Nokia 5230

0 kr. út og 2.890 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
33.990 kr./stgr.

7

3.990 kr./mán.

Nokia 6730

0 kr. út og 3.990 kr. á mán. í 12 mán.
2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
43.990 kr./stgr.

8

3.990 kr./mán.

LG Optimus GT540

0 kr. út og 3.990 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
44.990 kr./stgr.

9

2.190 kr./mán.

Nokia 6120

0 kr. út og 2.190 kr./mán. í 12 mán.
2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
24.990 kr./stgr.

10

2.990 kr./mán.

LG GT400

0 kr. út og 2.990 kr./mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.
33.990 kr./stgr.

11

8.690 kr./mán.

iPhone 3GS

0 kr. út og 8.690 kr. á mán. í 18 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir.
139.990 kr./stgr.

NOVA

Verðlaun Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða.

GENGIÐ 16.07.2010			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	121,888	122,46
	Sterlingspund	187,51	188,43
	Evra	158,1	158,98
	Dönsk króna	21,215	21,339
	Norsk króna	19,679	19,795
	Sænsk króna	16,705	16,803
	Japanskt jen	1,3968	1,405
SDR		184,42	185,52
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR			
213,1078			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



ROMAN POLANSKI Ljósmyndarar sátu fyrir leikstjóranum þegar hann mætti á tónleika hjá eiginkonu sinni í Montreux.

Polanski laus úr stofufangelsi: Fór á tónleika hjá konunni

SVISS Leikstjórinn Roman Polanski hefur nú látið sjá sig í fyrsta sinn á opinberum vettvangi síðan honum var sleppt úr stofufangelsi í Sviss fyrir fjórum dögum. Polanski fór að sjá eiginkonu sína á Montreux Jazz Festival en gaf ekki færi á viðtali við fjölmiðla. Interpol hefur gefið út handtökuskipun á Polanski í 188 löndum. Bandarísk yfirvöld eru að reyna að fá hann framseldan svo hægt sé að dæma hann fyrir að hafa haft mök við stúlku undir lögaldri árið 1977.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tekinn á rúmlega 140 Tíu bílstjórar voru teknir fyrir of hraðan akstur af lögreglunni á Sauðárkróki um helgina. Sá sem hraðast ók var tekinn á 145 kílómetra hraða og má hann búast við um 70.000 króna sekt.

Nýjar mælingar sýna slaka nýliðun í sandsílastofninum við Íslandsstrendur :

Færri lundar sinna eggjunum sínum

DÝRALÍF Í ár hafa fleiri lundar en áður hætt að sinna eggjum sínum vegna fæðuskorts. Þetta segir Erpur Snær Hansen, sviðsstjóri vistfræðirannsóknna hjá Náttúrustofu Suðurlands. Lundapysjur eru mjög háðar sandsílastofnum fyrstu vikurnar. Hafrannsóknastofnunin hefur nýlega lokið mælingum á sandsílastofninum. „Meginniðurstaðan er sú að nýliðun í sandsílastofninum síðustu tveggja ára er ekki að skila sér í nægilega miklum mæli til að halda við stofninum,“ segir Valur Bogason, hjá Hafrannsóknastofnun í Vestmannaeyjum. Hann var leiðangursstjóri í sandsílastofni sem lauk á fimmtudag.

Farið hefur verið í sandsílastofnangur til að skoða breytingar í stofnstærð síla og afla upplýsinga um styrk árganga hjá sandsílum síðustu fimm ár. Fjórir staðir hafa verið skoðaðir; Breiðafjörður, Faxaflói, Vestmannaeyjar og við Vík og Ingólfshöfða. „Ástand sandsílastofnsins er skást í Faxaflóanum.“ Sandsíli eru mikilvæg fæða sjófugla, fiska og hvala. Sandsílastofninn nú er að uppistöðu til frá árinu 2007 og hefur sá árgangur verið ríkjandi síðustu þrjú árin að sögn Vals. Hann segir til dæmis lundapysjur háðar sandsílastofnum fyrstu vikurnar.



FÆÐA FUGLA Sandsíli eru mjög mikilvæg fæða fyrir lunda.

Minkaræktin blómstrar á Íslandi eftir hrun krónunnar

Minkaræktin gengur betur eftir hrun íslensku krónunnar. Aðstæður á Íslandi kjörnar til ræktunar og margir farnir að velta fyrir sér starfinu, segir formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda.

LANDBÚNAÐUR Á Íslandi eru starfrækt 22 minkabú og stendur til að eitt til viðbótar taki til starfa í Skagafirði í haust. Minkarækt í landinu gengur vonum fram og Björn Halldórsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda (SÍL), segir hrun íslensku krónunnar hafa gert það að verkum að búgreinin komst aftur á skrið. „Gengið komst loks í það sem það átti að vera,“ segir Björn. „Verð á skinnnum á heimsmarkaði fór upp og í dag erum við að fá rúmlega helmingi meira fyrir hvert skinn, eða um sjö þúsund krónur. Hvert einasta skinn fer til Danmerkur og er danska krónan okkur sérstaklega hagstæð.“ Fjöldi minka í hverju búi er að meðaltali á milli sjö og átta þúsund og veltan um 50 milljónir á ári. „Markaðurinn stóð í stað í nokkur ár, en er loksins núna að taka við sér,“ segir Björn. „Útlendingar eru að fá nasabef af greininni og einnig erum við farin að fá óvenju mikið af fyrirspurnum frá Íslendingum.“

BJÖRN HALLDÓRSSON SAMBANDI ÍSLENSKRA LOÐDÝRABÆNDA Björn segir skilyrði á Íslandi vera kjörin fyrir iðnina og úrgangurinn úr dýrunum, sem er vandamál í mörgum öðrum löndum, kjörinn áburður á landið. „Hér er ódýr orka, auðveldur aðgangur á hreinu landi, gott loftslag fyrir dýrin og gott hráefni,“ segir hann. „Þetta er að vissu leyti angi af þekkingariðnaði. Við erum að nýta þekkingu og látum ekkert ráðast af tilviljunum.“ Strangar reglur eru um aðbúnað dýranna og segir Björn mikilvægt að aðstæður í búnum séu þannig að hver sem er geti komið inn hvenær sem er og fulllyrt að hlutirnir séu í lagi. Hann hefur verið formaður SÍL í ellefu



MINKUR Í BÚRI Minkaskinninn eru seld til Danmerkur. Verðið hefur hækkað töluvert eftir fall íslensku krónunnar og nú fást um sjö þúsund krónur fyrir hvert skinn.

Síðasti refabóndinn hætti búrekstri í fyrra

Refarækt á Íslandi leið undir lok þegar síðasti refabóndinn, Guðmundur Ólason, lagði hanskana á hilluna fyrri part árs 2009. „Ég hefði alveg viljað halda áfram en það var bara ekki möguleiki,“ segir Guðmundur. Björn Halldórsson, formaður

Sambands íslenskra loðdýrabænda, segir litla afkomu vera í refarækt og greinina víðast hvar í Skandinavíu eiga undir högg að sækja. „Það er lítil endurnýjun í stofninum og meðalaldurinn nánast sá sami ár eftir ár,“ segir

hann. „Norskir silfurrefaframleiðendur eru nánast þeir einu sem hafa eitthvað upp úr þessu, en verðið á skinnunum hefur verið hrikalega lágt í langan tíma.“ Refarækt hófst hér á landi upp úr 1930. Árið 2004 voru 13 refabú á landinu.

ár og ekki hefur nein kvörtun borist á þeim tíma. „Þessar nýju reglur voru settar að okkar frumkvæði. Við Íslendingar erum vanir því að búa í sátt og samlyndi við náttúruna og við reynum að búa eins vel að þessum dýrum

og við getum. Okkar afkoma byggist á því að þeim líði sem best.“ Björn segir aðstæður dýranna vera mun lakari víða erlendis heldur en á Norðurlöndunum og að alþjóðasamtök fylgist grannt með þróun mála.

sunna@frettabladid.is



Ástríða í matargerð




Kjöttbollur LITLIR

Kjöttbollur

www.ora.is

Taktu bollur með í ferðalagið!

VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

BJARTVÍÐRI er í kortum dagsins og á það við um mest allt land. Það er helst að dragi fyrir sólu með norður- og austurströndinni en þar er hætt við þokubökkum. Á morgun hækkar hitinn norðan- og austanlands og þar verður bjart en sunnanlands dregur heldur úr sólskini.

Á MORGUN Hæg breytileg átt um mest allt land.

MÍÐVIKUDAGUR Hægur vindur um mest allt land.

HEIMURINN	
Alicante	31°
Basel	31°
Berlín	28°
Billund	23°
Frankfurt	31°
Friedrichshafen	28°
Gautaborg	23°
Kaupmannahöfn	23°
Las Palmas	24°
London	25°
Mallorca	31°
New York	32°
Orlando	33°
Ósló	18°
París	29°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	23°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegis.



Við viljum manna lausar stöður í liði Vinnslustöðvarinnar

Eyjamenn eru í toppbaráttu í fótbolta karla og kvenna. Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum (VSV) leikur til sóknar í úrvalsdeild íslensks sjávarútvegs.

Vinnslustöðin hefur nú breytt stjórnskipulagi sínu og auglýsir hér með eftir liðsfélögum til að manna nýjar stöður í fyrirtækinu og nokkrar stöður til viðbótar.

Vinnslustöðin dafnar og styrkist ár frá ári og á sinn þátt í kröftugu atvinnulífi Vestmannaeyja. Traust fyrirtæki eru undirstöður byggðarlagar sinna og án blómlegrar byggðar fá fyrirtæki illa þrífist. Fólki hefur fjölgað í Eyjum og þar vantar fleiri vinnufúsar hendur á sama tíma og atvinnu skortir víða um land.

Vinnslustöðin er í hópi stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Rekstrartekjur félagsins námu 8,8 milljörðum króna á árinu 2009. Reksturinn skilaði um 900 milljóna króna hagnaði.

Vinnslustöðin á og gerir út alls tíu skip til uppsjávarveiða, togveiða og netaveiða. Fyrirtækið stundar vinnslu uppsjávarfisks, saltfiskverkun, humarfrystingu og bolfiskvinnslu, auk þess að reka fiskimjölsverksmiðju.

Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar eru nú um 280 talsins og þeim hefur fjölgað um 50 á aðeins einu ári! Fyrirtækið greiddi um tvo milljarða króna í laun á árinu 2009.

Vinnslustöðin hefur þá framtíðarsýn að styrkja heilbrigðan og öflugan rekstur sinn í Eyjum sem skilar eigendum, starfsfólki, nærsamfélaginu og íslensku þjóðarbúi sanngjarnri ávöxtun sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda. Félagið treystir sig jafnframt í sessi sem framleiðandi og seljandi hágæðaafurða úr íslensku sjávarfangi og færir út kvíar í samskiptum við trausta viðskiptavinum á alþjóðlegum neytendamarkaði.



Laus störf hjá Vinnslustöðinni

Sviðsstjóri bolfisks

Sviðsstjóri nýs bolfisksviðs ber ábyrgð á rekstri þess. Sviðið velti 4 milljörðum króna árið 2009. Verkefni sviðsstjóra varða m.a. yfirsýn og samræmingu veiða, vinnslu, markaðssetningar og sölu afurða, áætlanagerð og ábyrgð á starfsmannamálum sviðsins.

Sölumaður fersks og frosins bolfisks

Meginverkefnið er að annast sölu allra afurðaflokka bolfisksviðs, gera söluáætlanir, greina þarfir markaðarins, annast vörulýsingar og vinnsluleiðbeiningar, kynna viðskiptavinum félagið og afurðir þess og gera sölusamninga.

Sviðsstjóri uppsjávarfisks

Sviðsstjóri nýs uppsjávarsviðs ber ábyrgð á rekstri þess. Sviðið velti 3,5 milljörðum króna árið 2009. Verkefni sviðsstjóra varða m.a. yfirsýn og samræmingu veiða, vinnslu, markaðssetningar og sölu afurða, áætlanagerð og ábyrgð á starfsmannamálum sviðsins.

Verkstjórar í fiskvinnslu

Meginverkefni varða m.a. ábyrgð á daglegri vinnslu í samráði við vinnslustjóra og gæðaeftirlit.

Rekstrarstjóri

Yfirmaður nýs rekstrarsviðs ber ábyrgð á tæplega 5 milljarða króna rekstrarkostnaði VSV á ári. Hann sér um upplýsingatæknimál, tæki, vélbúnað, uppbyggingu og viðhald fasteigna og skipa, framkvæmdir, fjárfestingar, rekstur frystigeymslu og starfsmannamál félagsins.

Hæfniskröfur

Háskólamenntun og/eða mikil stjórnunarreynsla áskilin varðandi starf rekstrarstjóra og sviðsstjóra bolfisks og uppsjávarfisks. Æskilegt er að umsækjendur um allar stöður búi yfir þekkingu og starfsreynslu úr sjávarútvegi.



HAGVANGUR

Upplýsingar um störfin veita **Bórir Þorvarðarson**, thorir@hagvangur.is, og **Brynhildur Halldórsdóttir**, brynhildur@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur rennur út þriðjudaginn 3. ágúst 2010.

Virðing • Sjálfbærni • Velferð

Stjórnendur og starfsfólk VSV hefur virðingu, sjálfbærni og sanngirni að leiðarljósi í starfseminni til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld. Það gerist meðal annars með því að

- umgangast og nýta auðlindir hafsins með virðingu og skynsamlegri sókn.
- stjórna ferli veiða, vinnslu og markaðsmála allt til neytandans þannig að saman fari kröfur um gæði, ábyrgð og afrakstur í starfseminni.
- stuðla að sjálfbærni auðlinda og samfélags, styrkja innviði byggðarlags síns og velferð þjóðarinnar allrar.
- leitast við að láta gagnkvæma sanngirni ríkja í samskiptum, jafnt inn á við sem út á við.
- stuðla að arðsömum rekstri svo að menn njóti ávöxtunar af vinnuframlagi sínu og skapi um leið forsendur þess að félagið fái staðið undir samfélagslegri ábyrgð sinni.
- bera virðingu hvert fyrir öðru og fyrir þeim sem starfa í sjávarútvegi, fyrir starfsmönnum í þjónustu- og viðskiptagreinum sjávarútvegs og neytendum sjávarfangs.
- leitast ætíð við að tryggja að vörumerkið VSV sé öruggt tákni um góðar og hollar afurðir og ábyrgan, sjálfbæran rekstur gagnvart náttúru og samfélagi.



KJÖRKASSINN



Drekkur þú sykurlausa gosdrykki á borð við Diet Coke?

JÁ	31,5%
NEI	68,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Á að reyna að rifta samningi um hlut Magma í HS orku?

Segðu þína skoðun á vísir.is.





HERJÓLFUR Í LANDEYJAHÖFN Herjólfur sigldi prufuferð í Landeyjahöfn á laugardagskvöld.

Herjólfur sigldi í nýja höfn: Óformleg prufusigling

SAMGÖNGUR Herjólfur sigldi sína fyrstu ferð í Landeyjahöfn á laugardagskvöld en ferðin var hugsuð sem prufuferð til að ganga úr skugga um að allt væri eins og vera bæri. Formleg jómfrúarferð verður farin á þriðjudag þegar síðari sigling dagsins er farin til Landeyjahafnar en fyrri sigling þriðjudags er til Þorlákshafnar og er jafnframt sú síðasta þangað. Fjöldi fólks beið í Landeyjahöfn þegar Herjólfur lagðist að bryggju en vegna sandfoks gátu Eyjamenn ekki fylgst með skipinu sigla frá Heimaey né var Landeyjahöfn sýnileg vegna bylsins.

- jma

SAUÐÁRKROKUR

Farþegi með fíkniefni

Rúm tuttugu grömm af kannabisefnunum fundust á farþega í bifreið sem lögreglan á Sauðárkróki stöðvaði við Þverárfjall á föstudag. Bifreiðinni var ekið frá Reykjavík og var eiganda fíkniefnanna sleppt að yfirheyrslu lokinni.

FJÁRSÖFNUN

Stofnun Vigdísar þakkar fyrir

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum vill koma á framfæri þakklæti til þeirra fjölmörgu sem lögðu fjársöfnun hennar lið. Safnað er fyrir nýrri byggingu á háskólalóðinni. Upplýst verður um heildarframlög í ágúst.

Yfirmaður Evrópsku flugstjórnarstofnunarinnar í viðtali í New York Times:

Sérfræðingar hafa lært af gosinu

ELDGOS Flug í Evrópu myndi ekki raskast á sama hátt og það gerði í maí ef eldgos hæfist nú. Aska úr Eyjafjallajökli lamaði þá nær alla flugumferð í Evrópu. Þetta segir Joe Sultana, yfirmaður hjá Evrópsku flugstjórnarstofnuninni (Eurocontrol) í viðtali við New York Times um helgina. Stofnunin sá um samræmdar aðgerðir í Evrópu þegar öskuský ógnuðu flughelgi.

Sultana segir þekkingu sérfræðinga, eldfjallafræðinga og veðurfræðinga vera mun meiri í dag en hún var fyrir gosið og það fari eftir þéttni ösku hvernig samgöngum verði háttað. „Við höfum nú þrjú mismunandi styrkleikastig af ösku. Í fyrsta lagi, þar sem ekki er öruggt að fljúga, í öðru lagi, þar sem flugvélar skulu gæta varúðar og í þriðja lagi þar sem lág þéttni er í ösku og ekki þarf að gera varúðarráðstafanir.“

Sultana segir að jafnframt hafi sú öskuþéttni sem orsaki flugbann hafa verið hækkaða úr tveimur milligrömmum á rúmmetra í fjögur og öll verkaskipting sé nú betur á hreinu. „Við

höfum skýrari línur um hver ber ábyrgð á því að taka ákvarðanir um lofthelgi og einstaka flugvélar.“ Öll ákvarðanatataka myndi jafnframt ganga fljótar fyrir sig að sögn Sultana. „Við höfum sett upp samræmda einingu, sem myndi starfa sem þungamiðja ákvarðanatöku og bæta öll samskipti.“

ASKA ÚR EYJAFJALLAJÖKLI Joe Sultana hjá Evrópsku flugstjórnarstofnuninni segir að allar aðgerðir varðandi lofthelgi Evrópu muni ganga hraðar fyrir sig gjósi á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Viðræður við ESB lykilatriði

Íslenskur hugverkaiðnaður veltir um 200 milljörðum á ári erlendis. Íslendingar farnir að missa trúverðugleika. Áframhaldandi viðræður við ESB lykilatriði til að fá fjármunina heim, segir forstjóri Marorku.

VIÐSKIPTI Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku og formaður Samtaka fyrirtækja í orku- og umhverfistækni, sendi öllum þingmönnum bréf þar sem hann biðlaði til þingmanna og stjórnvalda að sýna samstöðu um stöðugleika til að skapa viðunandi starfsskilyrði fyrir hugverkaiðnað í landinu. Hann segir Íslendinga vera að missa trúverðugleika sinn á erlendum mörkuðum og mikilvægt sé að framtíðarvöxtur hugverkaiðnaðarins fari fram á Íslandi.

„Erlendir markaðir finna fyrir óstöðugleikanum í íslenskum stjórnmálum,“ segir hann. „Þetta er farið að skaða okkur gríðarlega og eftir því sem lengri tími líður, verður skaðinn meiri.“

Útflutningur á sviði hugverkaiðnaðar nemur um 20 prósentum af heildarútflutningi landsins og segir Jón Ágúst lykilatriði að halda samningaviðræðum við Evrópu-sambandið (ESB) áfram.

„Við mætum þeim viðhorfum erlendis að við göngum til samninga og drögum okkur svo í hlé. Við viljum ekki borga skuldir okkar. Við viljum ekki starfa með þeim sem lána okkur peninga, eins og AGS. Svona viðhorf stórskada viðskipti okkar,“ segir Jón Ágúst. „Við verðum að sýna fram á að við munum klára þessi mál. Í viðskiptum er trúverðugleiki allt.“

Ársvelta fyrirtækja innan hugverkaiðnaðarins nemur um 150 milljörðum hér á landi, en um 200 milljörðum erlendis. Um 10 þúsund Íslendingar starfa í iðnaðinum. Marorka er með nær öll sín viðskipti á erlendum mörkuðum og segir Jón Ágúst litlar forsendur fyrir því að vöxtur fyrirtækisins verði á Íslandi eins og ástandið sé í dag.

„Okkur finnst gott að vera á Íslandi en engar forsendur eru fyrir frekari vexti fyrirtækisins á Íslandi nema skilyrðin batni,“



JÓN ÁGÚST ÞORSTEINSSON Forstjóri Marorku segist hafa fengið jákvæð viðbrögð frá þingmönnum við bréfi sem hann sendi.

segir hann. „Við erum svo lánsöm að eiga helming hugverkaiðnaðarins hér á landi og á því verðum við að byggja.“

Jón Ágúst segir að það vanti almenna vitund um mikilvægi og stærð iðnaðarins og fjölmiðlar spili þar lykilhlutverk.

„Atvinnulífið telur skýrslu AGS vera bestu úttekt á íslensku skattkerfi sem gerð hefur verið

og jákvætt innlegg í umræðu um skattkerfi Íslands. Fjölmiðlar þurfa að tileinka sér faglega umfjöllun í öllum þessum mikilvægu málum. Öll umræða hér á landi er alþjóðleg umræða.“

Hann segir þingmenn hafa sýnt mikil og jákvæð viðbrögð við bréfinu og almennur skilningur ríki á því að samvinnu sé þörf til þess að koma landinu á réttan kjöl.

„Ruðningsáhrif síðustu tíu ára gerðu það að verkum að vöxtur fyrirtækjanna varð að miklu leyti erlendis. Til þess að þessir miklu fjármunir og hugvit færist aftur heim til Íslands er breytinga þörf,“ segir Jón Ágúst. „Hugverkaiðnaðurinn er eins og blaut sápa – ef þú kreistir hann of mikið þá hverfur hann úr höndunum á þér.“

sunna@frettabladid.is

Hvað er hugverkaiðnaður?

- Heilbrigðistækni (Samtök heilsbrigðistækniyfirtækja í burðarliðnum)
- Hönnun, fata- og listiðnaður
- Leikjaiðnaður (Icelandic Gaming Industry)
- Líftækni (Samtök íslenskra líftækniyfirtækja)
- Orku- og umhverfistækni
- Tónlist, kvikmyndir og affþreyingariðnaður (Samtönn, BÍL o.fl.)
- Vél- og rafeindatækni fyrir matvælavinnslu
- Mannvirkjagerð og málverk (Mannvirki og Málmur)

Samtök sprotafyrirtækja (SSP)	Samtök upplýsingatækniyfirtækja (SUT)
-------------------------------	---------------------------------------

Nokkur fyrirtæki

Actavis	Mobilitus
CCP	Marel
Cintamani	Nikita
Marorka	Össur
Mind Games	66° Norður

Mannskæðar sjálfsmorðsárásir á herlið súnníta í Írak í gær:

48 létust í sjálfsmorðsárásum

ÍRAK, AP Að minnsta kosti 48 manns létust í tveimur sjálfsmorðsárásum í Írak í gær.

Fyrri árásin var gerð við eftirlitsstöð í Bagdad, höfuðborg landsins. Þar biðu hermenn úr liði súnníta, sem berst með stjórnvöldum gegn Al-Kaída, eftir því að fá útborguð laun. Að sögn sjónarvotta sátu um 150 manns og biðu þegar maður sprengdi sig í loft upp. Að minnsta kosti 45 létust þar og 40 særðust. Árásin var sú mannskæðasta gegn íröskum her í marga mánuði.

Seinni árásinni var einnig beint að herliði súnníta, þar sem maður réðst inn í höfuðstöðvar þeirra og hóf skothríð. Hermenn skutu á hann á móti en þá sprengdi hann sig í loft upp. Þrír létust og sex særðust.

Herdeildir súnníta ákváðu árið 2006 að snúast gegn Al-Kaída og starfa með stjórnvöldum. Þær hafa gegnt lykilhlutverki í barátt-



LEITAÐ Í BÍLUM Í BAGDAD Lögreglan í Bagdad stöðvaði vegfarendur og leitaði að sprengjum eftir sjálfsmorðsárásirnar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

unni gegn Al-Kaída og ofbeldisverkum. Árásir Al-Kaída í landinu hafa í auknum mæli beinst gegn

öryggissveitum nú þegar styttest í að bandarískar hersveitir fari úr landinu.

- þeb

25%
afsláttur
í júlí



Fjölnotapappír

5x500 blöð A4 ~~3.995kr~~
með 25% afslætti 2.996kr



5.000 kr. af hverri milljón á mánuði

Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um lán í erlendum myntum hefur Landsbankinn ákveðið að bjóða einstaklingum með íbúðalán í erlendri mynt kost á að greiða fasta mánaðarlega greiðslu af láninu. Viðskiptavinir greiða 5.000 krónum af hverri milljón af upprunalegum höfuðstól lánsins og getur það leitt til verulegrar lækkunar á greiðslubyrði lánsins. Greiðsla af láni sem upphaflega var 10 milljónir króna verður 50.000 krónur á mánuði.

Landsbankinn býður upp á fjölmargar lausnir fyrir einstaklinga. Ákveðið hefur verið að framlengja öll úrræði bankans til **1. nóvember**.

KYNNTU ÞÉR AÐRAR LAUSNIR LANDSBANKANS

- 25% höfuðsstólslækkun lána í erlendri mynt
- 110% aðlögun íbúðalána
- Greiðslujöfnun lána
- Fjárhagsleg hagræðing
- Endurfjármögnun skammtímalána
- Eingöngu vaxtagreiðslur í eitt ár
- Tímabundin föst greiðsla af íbúðalánum í íslenskum krónum
- Frysting afborgana í allt að þrjú ár
- Frestun vegna sölutregðu





- 1 Hvaða fyrrverandi borgarstjóri sækist eftir bæjarstjórastöðu á Akranesi?
- 2 Hvaða verslun á Laugaveginum hélt upp á tíu ára afmæli sitt um helgina?
- 3 Hvaða íslenska skáldkona hélt upp á áttæðisafmæli sitt í gær?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Lágar sektir vegna olíuslyss:

Sektir vegna slyss í Bretlandi

BRETLAND Nokkur olíufélög í Bretlandi voru fyrir helgi sektuð um 5,35 milljónir punda, um einn milljarð íslenskra króna, vegna sprengingar sem varð í olíubirgðastöðinni í Buncefield fyrir fimm árum. Sprengingin var gríðarleg og í kjölfarið braust út eldur, sá mesti í landinu frá seinni heimsstyrjöldinni.

Meðal þeirra félaga sem áttu stöðina voru BP, Shell og Total, en það fyrstnefnda er eigandi olíuborðpallans í Mexíkóflóa sem lekið hefur úr síðan í apríl. Upphæð sektarinnar hefur verið gagnrýnd harkalega og þykir hún skammarlega lág. Mike Penning, þingmaður Íhaldsflokksins á svæðinu, sagði hana vera móðugandi í samtali við Guardian.

- kóp

Breskir lækna hafa áhyggjur af því að menn hafi smitast af HIV í Suður-Afríku:

Fótboltaáhugamenn fari í HIV-próf

BRETLAND Lækna í Bretlandi ráðleggja nú fótboltaáhugamönnum sem sóttu Suður-Afríku heim á heimsmeistaramótinu í fótbolta að gangast undir HIV-próf, hafi þeir stundað óvarið kynlíf. Nærri 25 þúsund áhangendur enska landsliðsins eru nýkomnir heim af mótinu en talið er að um einn af hverjum fimm fullorðnum einstaklingum í Suður-Afríku séu smitaðir af alnæmisveirunni.

Heartland-spítalinn í Birmingham hefur hleypt átaki af stokkunum í samstarfi við alþjóðasamtök þar sem ferðalangar eru hvattir

til að hafa varann á erlendis, taka með sér smokka og sækja heilsugæslustöð til rannsókna þegar heim er komið ef einhverrar óvissur gætir. Lækna benda á að meirihluti gagnkynhneigðra karlanna og fjórðungur kvenna sem sýkjast af HIV-veirunni smitist af henni í tengslum við óvarið kynlíf í orlofi erlendis.

- jma

EINN AF HVERJUM FIMM Talið er að einn af hverjum fimm fullorðnum í Suður-Afríku sé sýktur af HIV-veirunni og á sumum stöðum er hlutfallið jafnvel enn herra.



Nýr velgjörðarsendiherra barnahjálpar SP:

Messi heimsótti tjaldbúðir á Haítí

HAÍTÍ Argentínska knattspyrnuhetjan Lionel Messi heimsótti tjaldbúðir heimilislausra á Haítí fyrir helgi.

Messi var gerður að velgjörðarsendiherra UNICEF í mars og var þetta fyrsta vettvangsheimsókn hans í því starfi.

Hann heimsótti einnig hjálparteymi Sameinuðu þjóðanna frá Argentínu og ræddi reynslu fólksins af því að reka spítala í landinu. Þá heimsótti hann skrifstofu UNICEF og ræddi við starfsfólkið þar.

Heimsóknin var farin til að vekja athygli á erfiðleikum barna á Haítí. Þar eru enn um 800 þúsund börn án heimilis og hafa lélegan aðgang að hreinlætisaðstöðu, menntun og heilsugæslu. Heimsóknin átti einn-



Í TJALDBÚÐUNUM Messi heilsaði upp á börn sem búa í Carrefour Aviation tjaldbúðunum á Haítí. UNICEF skipuleggur meðal annars íþróttaleiki og sálsgæslu fyrir börnin þar.

UNICEF/MARKISZ

ig að vekja athygli á þeim árangri sem hefur náðst frá því að jarðskjálftinn reið yfir fyrir rúmu hálfu ári.

- þeb



Í HEIMSÓKNINI Ashton skoðaði nokkur fyrirtæki á Gasasvæðinu í heimsókn sinni í gær. Meðal annars fór hún um steypuverksmiðju sem er lokað vegna einangrunar Ísraelsmanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landamærin að Gasa verði opnuð alveg

Utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins heimsótti Gasasvæðið í gær. Hún hvatti Ísraela til að opna landamærin algjörlega. Tilkynnt var um styrki sambandsins til 900 fyrirtækja á svæðinu.

GASA, AP Utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, Catherine Ashton, hvetur Ísraela til að opna landamærin að Gasasvæðinu algjörlega. Hún heimsótti svæðið í gær og ræddi meðal annars við fólk um það hvort líf þeirra hefði breyst eftir að einangruninni á svæðinu var aflétt að hluta fyrir í mánuðinum.

„Afstaða Evrópusambandsins er mjög skýr. Við viljum að fólk geti ferðast um, og við viljum ekki aðeins innflutning til Gasa heldur einnig sjá vörur fluttar frá Gasa,“ sagði hún. Hún skoðaði fyrirtæki á svæðinu og ræddi við fólk þar. Tilkynnt hefur verið að Evrópusambandið hyggist veita um 900 fyrirtækjum á Gasasvæðinu styrk til þess að koma undir sig fótunum á nýjan leik, en aðeins um 30 prósent verksmiðja á svæðinu eru starfandi nú. Sökum vöruskorts

hafa fyrirtæki mörg hver þurft að loka. Aðeins er búist við því að þeim fjölgi um nokkur hundruð nú, þar sem enn má ekki flytja inn ýmisleg efni sem nauðsynleg eru til framleiðslu.

Ashton heimsótti meðal annars Megapharm, sem er meðal fyrirtækjanna sem fá styrk á næstunni. Fyrirtækið er meðal 203 fyrirtækja sem skipa á milli sín tæplega milljónum evra. Það hefur komið framleiðslu sinni í um 50 prósent af því sem áður var, en getur aðeins framleitt vörur fyrir Gasasvæðið þar sem ekki má flytja neitt út af svæðinu.

Ashton fundaði ekki með stjórnvöldum á Gasa þar sem Evrópusambandið viðurkennir ekki Hamas-samtökin sem þar stjórna. Hún fundaði hins vegar með ísraelskum yfirvöldum.

thorunn@frettabladid.is



Ekki vera sökker!

50% afsláttur af miðstærð af pizzu á matseðli. Gildir þegar sótt er.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

50% tilboð alla daga. Sjáðu á **ring.is**.Stærsti
vinahópur
á Íslandi

Gildistími á þessum frábæru tilboðum er að finna á ring.is



www.facebook.com/ringjarar



Ring er ný farsímabjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1000 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.

Konum bannað að reykja pípur

Hamas-samtökin, sem ráða ríkjum á Gasa, hafa bannað konum að reykja vatnspípur á veitingahúsum. Talsmaður þeirra sagði um helgina að óviðeigandi sé að konur sitji með krosslagðar fætur og reyki á almannafæri. Það sé iðja sem eyðileggi bæði hjónabönd og ímynd Palestínumannanna.

Bannið tók gildi um helgina og var veitingamönnum greint frá því af öryggissveitum sem gengu á milli veitingahúsa. Margir veitingamannanna töldu fyrst að verið væri að banna bæði konum og körlum að reykja, en stjórnvöld leiðréttu það með tilkynningu.

Hamas-samtökin hafa reynt að koma á strangari múslimskum reglum síðan þau tóku völdin á svæðinu árið 2007. Þó íslömsk lög banni konum ekki að reykja er það samkvæmt ströngum hefðum illa séð. Reykingar af þessu tagi eru mjög vinsælar meðal beggia kynja á Gasa.



TOYOTA

Gríptu um stýrið á glænýjum Toyota

Gerðu frábær kaup á
Yaris, Verso og Auris

ISLENSKA SALSTOY 50830 0710



Aukabúnaður á mynd: Alfélgur.

Yaris
Terra

Verso
Terra

Auris
Terra

KJÖR SEM EKKI ÞEKKJAST

Sölumenn okkar eru í hátíðarskapi og sýna einstaka samningalipurð í tilefni afmælisársins. 40 ár af frábærri þjónustu og gæðum fylgja þér út í sumarið.

**2010
TOYOTA
DRIVE**

www.toyota.is

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

**Today
Tomorrow
Toyota**

FRYSTIVARA

ilmandi

HEIMABAKSTUR

KEX smiðjan

ljúffengt

Kanilsnúðar

Íslenskur gæðabakstur - Tilbúinn í ofninn



5 min

Jarðfræði í Elliðaárdal

Þriðjudagskvöldið 20. júlí verður farin göngu- og fræðsluferð í Elliðaárdal undir leiðsögn Einars Gunnlaugssonar, jarðfræðings. Jarðfræði Elliðaárdals er stórkostleg. Í dalnum má t.d.

finna jökulrákaðar grágýtisklappir, hraun frá nútíma, sjávarhalla og merkileg setlög. Gangan hefst við Minjasafn Orkuveitunnar í Elliðaárdal kl. 19:30.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

Athugið að efni dagsins getur riðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.

www.or.is



FRÉTTASKÝRING: Er ræktun á erfðabreyttu byggi skaðleg?



BYGGRÆKTUN Síðasta sumar var öll tilraunaræktun nýsköpunarfyrirtækisins ORF í Gunnarsholti eyðilögð.

Harðvítug andstaða við fyrirætlunum ORF

Fyrirtækið ORF líftækni stefnir að stórfelldri ræktun erfðabreytts byggs sem nota á til prótínframleiðslu við Gunnarsholt á Suðurlandi. Talsmenn fyrirtækisins telja mikla möguleika fólga í starfsemi en fyrirætlanir fyrirtækisins hafa vakið harðvítug viðbrögð frá ýmsum aðilum, ekki síst bændum í lífrænni ræktun.

ORF líftækni stefnir að stórfelldri ræktun á erfðabreyttu byggi við Gunnarsholt á Suðurlandi eins og Fréttablaðið fjallaði nýlega um. Byggið á að rækta með það fyrir augum að láta það framleiða prótein sem síðan á að nýta til læknisrannsóknna, lyfja- og snyrtivöruframleiðslu. Forsvarsmenn fyrirtækisins segja mikla möguleika fólga í starfsemi en telja ORF geta orðið stórfyrirtæki á íslenskan mælikvarða innan skamms tíma. Fyrirætlanir fyrirtækisins eru hins vegar síður en svo óumdeildar.

Umhverfisstofnun hefur veitt ORF leyfi til útiræktunar en niðurstaðan vakti hörð viðbrögð frá ýmsum samtökum og var kærð til umhverfisráðuneytisins í september í fyrra.

„Þarna eru menn að framkvæma einhverja hluti þar sem þeir vilja hafa stjórn á öllu en þeir bara geta ekki vitað afleiðingarnar. Við viljum ekki að þessu verði bara sleppt lausu því langtímaafleiðingarnar koma ekki í ljós fyrr en eftir mörg ár,“ segir Þórður G. Halldórsson, formaður Verndunar og ræktunar (VOR), sem stendur að baki kærinni.

Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, hefur varað við fyrirætlunum ORF og skrifaði á síðasta ári opið bréf til Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytisins vegna málsins. Í bréfinu segir hún möguleg áhrif útiræktunarinnar ekki hafa verið könnuð nægilega vel og lýkur því á orðunum: „Ég tel mig sem náttúrufræðing bera ábyrgð á þeirri náttúru sem við skilum til komandi kynslóða og mæli því gegn ræktun genbreytts



Leyfið kært til umhverfisráðuneytisins

Umhverfisstofnun veitti ORF á síðasta ári leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi í tilraunaskyni á árunum 2009 til 2013. Þessi niðurstaða vakti hörð viðbrögð frá hinum ýmsu samtökum og var kærð til umhverfisráðuneytisins í september í fyrra. Kæran kom frá Verndun og ræktun (VOR), félagi framleiðenda í lífrænum búskap, en naut stuðnings Dýraverndunarsambands Íslands, Náttúrulækningafélags Íslands, MATVÍS, Náttúruverndarsamtaka Suðurlands, Neytendasamtakanna og Slow Food í Reykjavík.

Enn hefur ekki fengist niðurstaða við kærinni frá umhverfisráðuneytinu en samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er von á niðurstöðu í ágúst.

byggs úti í náttúrunni á Gunnarsholti á meðan umhverfisáættumat hefur ekki verið unnið á viðunandi máta.“

Opið bréf Kristínar vakti hörð viðbrögð innan háskólasamfélagsins. Ólafur S. Andrésson, prófessor í erfðafræði, skrifaði til að mynda svarbréf þar sem meðal annars sagði: „Þar að auki er margt af gagnrýninni illa grundað. Öll hugsanleg varúðarsjónarmið hafa verið tekin til greina í umfjöllun ráðgjafarnefndarinnar og niðurstaða hennar er hið besta faglega mat sem við höfum á að byggja.“

Náttúrufræðistofnun gaf á sínum tíma álit á mögulegri útiræktun ORF og taldi litla hættu felast í ræktuninni. Í kjölfarið veitti Umhverfisstofnun leyfi fyrir ræktuninni eins og áður sagði en tveir fulltrúar í nefndinni lögðust þó gegn því. Leyfi Umhverfisstofn-

unar var veitt með nýu skilyrðum, meðal annars um tilkynningaskyldu og varnir á ræktunarsvæðinu.

Þrátt fyrir skilyrðin og mat Náttúrufræðistofnunar telja margir rannsóknirnar á þessu ófullnægjandi og óttast að verið sé að stefna verulegum hagsmunum í voða. Þórður segir engan vera að fetta fingur út í próteinframleiðsluna sem slíka en vill ekki að henni verði sleppt út í náttúruna. „Það eina sem við erum að fara fram á er að langtímaáhrif þessarar ræktunar verði könnuð til hlítar áður en við förum í notkun á þessari tækni,“ segir Þórður.

Magnús P. Lúðvíksson

magnusl@frettabladid.is



„Brúðkaup“

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísir til að finna allt sem þú þarft að vita um lítil og stór brúðkaup, veislurnar, borðbúnaðinn, kransaköurnar, og veislugestina – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísir. Það eina sem þarf er leitarorð. **Vísir er með það.**

vísir.is
...ég sá það á Vísir



Húsnæðislán í erlendri mynt

5.000 kr. af hverri
milljón á mánuði

Íslandsbanki býður einstaklingum með erlend húsnæðislán að greiða 5.000 krónur af hverri milljón á mánuði

Nú ríkir óvissa um lánasamninga í erlendri mynt. Íslandsbanki hefur ákveðið að bjóða einstaklingum í viðskiptum við bankann, sem eru með erlend húsnæðislán, að greiða mánaðarlega sem svarar 5.000 kr. fyrir hverja milljón sem upphaflega var fengin að láni.*

Þessi tímabundni valkostur gildir til 31. mars 2011.

Sækja þarf um breytinguna fyrir 20. dag mánaðar svo breyting nái fram að ganga fyrir gjalddaga næsta mánaðar á eftir.

Sækja má um þennan valkost á heimasíðu bankans islandsbanki.is, í þjónustuveri í síma 440 4000 eða í útibúum.

Íslandsbanki vill þakka viðskiptavinum sínum fyrir þolinmæðina undanfarna daga. Jafnframt þykir bankanum miður sú óvissa sem ríkt hefur og þau óþægindi sem viðskiptavinir hafa orðið fyrir.

*Athugið að ef gjalddagar eru t.d. á þriggja mánaða fresti mun greiðsla hvers gjalddaga taka mið af því. Gjaldþaga lána verður ekki breytt í mánaðarlega gjalddaga, þótt skilgreiningin sé miðuð við mánuð.

**Ekki er öruggt að mánaðarleg fastgreiðsla verði lægri en það sem greitt er í dag og er því mikilvægt að fara yfir greiðsluseðla áður en ákvörðun er tekin.



Dæmi um greiðslubyrði

Greiðsla af láni með upphaflegum höfuðstól að upphæð 10 milljónir króna yrði miðuð við þetta **50.000 krónur á mánuði**.**

Umsóknir berist fyrir 20. dag mánaðar

Ef gjalddagi er 1. ágúst þarf að **sækja um breytingu fyrir 20. júlí**.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000


Íslandsbanki

Stjórnvöld þvælast fyrir fyrirtækjum sem vilja fjárfesta á Íslandi.

Eru fjárfestar velkomnir?

Það er með nokkrum ólíkindum að stjórnvöld í ríki, sem þarf eins nauðsynlega á erlendri fjárfestingu að halda og Ísland, skuli leggja jafnmikið á sig og raun ber vitni til að hrekja erlenda fjárfesta frá landinu.

Síðustu vendingar í Magma-málinu eru dæmi um slíkt. Vinstri græn vilja stöðva kaup fyrirtækisins á HS orku með öllum tiltækum ráðum; nota peninga skattgreiðenda til að ganga inn í kaupin, rífta samningum og þar fram eftir götunum. Hlaupið var upp til handa og fóta út af „nýjum“ upplýsingum um sænska dótturfyrirtæki Magma, sem höfðu legið fyrir misserum saman.

Þarna er ekki einvörðungu annar stjórnarflokkurinn að reyna að breyta reglunum eftir á og hrekja burt erlenda fjárfesti, sem hefur ákveðið að leggja mikla peninga í atvinnustarfsemi á Íslandi. Þar er líka verið að senda öðrum erlendum fjárfestum, sem hafa áhuga á Íslandi, skilaboð um að betra sé að þeir beini athygli sinni annað.

Að sumu leyti hefur málið verið rætt út frá forms- og aukaatriðum. Grundvallarspurningin, sem stjórnmalamenn þurfa að svara, er auðvitað hvort þeir vilji erlenda fjárfestingu inn í efnahagslífið. Ef þeir vilja hana, útbúa þeir lagaramma sem opnar fyrir hana og hvetur til hennar.

Það eru hreinar og klárar blekkingar að leggjast gegn fjárfestingu Magma á þeim forsendum að verið sé að selja auðlindir þjóðarinnar. HS orka á engar auðlindir; þær eru í opinberri eigu og má ekki selja þær samkvæmt nýlegri löggjöf. HS orka á eingöngu nýtingarrétt og greiðir fyrir hann.

Kannski er það stefna VG að hrekja burt alla erlenda fjárfesta sem vilja kaupa í fyrirtækjum sem nýta auðlindir landsins með einhverjum hætti. Þá er hætt við að fáir verði eftir.

Á Íslandi eiga með réttu að vera mörg tækifæri fyrir erlenda fjárfesta. Mörg góð fyrirtæki, sem hafa lent í skuldavanda eða eigendur þeirra lent í erfiðleikum, eru og verða til sölu. Ísland vantar ekki aðeins fjármagn inn í þessi fyrirtæki; það vantar líka fjölbreytilegan eigendahóp atvinnulífsins. Við viljum ekki að atvinnulífið verði aftur í eigu fáeinna innlendra viðskiptablokka.

Fjárfestar meta ýmis atriði þegar þeir ákveða hvort eigi að fjárfesta í öðru landi. Þeir reyna að forðast of mikla áhættu. Í tilviki Íslands eru ýmsir áhættuþættir umfram það sem gerist í nágrannalöndunum, til dæmis óstöðugur gjaldmiðill og sveiflukennt hagkerfi. Í flestum vestrænum ríkjum er pólitískur óstöðugleiki ekki áhættuþáttur. Nú er hins vegar svo komið að erlendir fjárfestar eru sumir hverjir farnir að setja dynti ríkisstjórnarinnar í efsta sæti áhættuþáttanna, þegar þeir skoða hvort fjárfesta eigi á Íslandi. Þeir hafa áhyggjur af því að stjórnvöld hafi almennt lítinn áhuga á erlendri fjárfestingu og séu líkleg til að hræra í regluverkinu til að fæla erlend fyrirtæki frá.

Er þetta það sem við þurfum á að halda? Er ekki að verða tímaþættur að ríkisstjórnin tali skýrt um stefnu sína gagnvart erlendum fjárfestingum?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edvald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871



- Lífið heil

www.lyfja.is



Fallegir fætur með Scholl

+ 25% afsláttur

af öllum Schollvörum út júlí í öllum verslunum Lyfju.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kominn tími til

Þau ánægjulegu tíðindi bárust nýverið að Fjármálaeftirlitið væri orðið aðili að Alþjóðasambandi verðbréfaeftirlita. Með aðildinni getur Fjármálaeftirlitið skipst á upplýsingum um verðbréfa- viðskipti við flestar þjóðir heimsins. Það er vel. Raunar svo vel að menn hljóta að spyrja sig hvers vegna í ósköpunum þetta var ekki löngu orðið að veruleika? Sá Fjármálaeftirlitið virkilega engan hag í aðildinni í upp- ganginum þegar eignamenn skiptust á verðbréfum eins og Matador-peningum og lán voru tekin fyrir öllu heila klabbinu? En batnandi Fjármálaeftirliti er best að lífa.

Gæti orðið löng bið

DV greindi frá því um helgina að þingmenn Evrópusambandsins hefðu kvartað til stækkunarstjóra Evrópusambandsins vegna makrílveiða Ísland- inga. Hvort það voru þingmennirnir eða blaðamaðurinn sem skripluðu á skötunni skal ósagt látið, en sagt er frá því að þeir hafi sent Olli Rehn kvörtun sína. Hann hætti sem stækkunarstjóri í janúar og Tékkinn Stefan Füle tók við. Biðin eftir svári Rehn gæti því orðið löng.

Samningar en ekki ráðgjöf

Á þessum stað var í síðustu viku sagt að Kleópatra Kristbjörg, forstjóri Gunnars majones, hefði í viðtali við Vikuna upplýst að í starfi hennar hjá fyrirtækinu fælist fyrst og fremst ráðgjöf. Það er ekki rétt. Um störf sín þar sagði hún: „Ég sé um samningamál enda er ég ágæt í mannlegum sam- skiptum. Ég starfa þarna enn, en fyrst og fremst er ég rithöfundur og byltingarsinni.“ Kristbjörg og aðrir hlutaðeigendur eru beðnir velvirðingar á misherminu.

kolbeinn@frettabladid.is, bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR



Ögmundur og ESB

Evrópumál



Birgir Hermannsson stjórnmalafraeðingur

Ögmundur Jónasson alþingismaður gerir í Fréttablaðinu hinn 15. júní nokkrar athugasemdir við skarpa greiningu Hannesar Péturssonar skálds á málflutningi andstæðinga ESB-aðildar. Sérstakalega fer fyrir brjóstid á Ögmundi upprifjun Hannesar á stóryrðum andstæðinga EES-samningsins, en fæst af þeim stóryrðum hafa staðist tímans tönn. Sér til varnar nefnir Ögmundur að margir (m.a. nokkrir íhaldsmenn í Sjálfstæðisflokknum) hafi efast um að samningurinn stæðist stjórnarskrá. Um þetta má enn deila, enda vel ígrunduð rök á báða bóga. Af lestri greinar Ögmundar er mér þó ekki ljóst hvaða skoðun hann hefur á málinu í dag. Ég vil því spyrja Ögmund: telur hann að samningurinn um EES sé andstæður stjórnskránni?

Svarið við þessari spurningu er ekki síst áhugavert vegna þess að meginrök Ögmundar gegn EES og (að því er ég fæ best skilið) aðild að ESB varða lýðræði. Ögmundur telur að það hefði verið betra frá lýðræðislegu sjónarmiði að gera tví- hliða samninga við ESB og því má álykta að honum þyki slíkir samningar betri fyrir lýðræðið í landinu en EES með sínum stofnunum og regluverki ESB. Nú var þetta ekki niðurstaðan á sínum tíma, EES er

hér til staðar með sínum kostum og göllum. Það sem ég skil ekki alveg í röksemdum Ögmundar er hvort að enn muni síga á ógæfuhliðina varðandi lýðræði í landinu ef Ísland gerist aðili að ESB. Ég get fallist á það (kannski ekki af sömu ástæðum og Ögmundur) að EES sé gallað, að þar sé lýðræðishallinn mikill. Þar með fylgir ekki að þessi lýðræðishalli aukist við aðild að ESB, þvert á móti má færa fyrir því góð rök að full aðild bæti úr ýmsum þeim ágöllum sem eru á EES frá sjónarmiði lýðræðis. Ef valkosturinn er EES eða ESB, þá virðist mér Ögmundur vera á hálum ís í sinni röksemdafærslu. Mér virðist raunar að Ögmundur sé að setja upp valkostinn „tvíhliða samningur“ eða „aðild að ESB“, en umræðan er alls ekki um það. Ég vil því spyrja Ögmund hvort hann telji fulla aðild að ESB verri kost frá sjónarmiði lýðræðis en núverandi skipan mála (EES)? Er tvíhliða samningur við ESB valkostur við fulla aðild?

Umræðan um aðild Íslands að ESB snýst um marga hluti, einn af þeim er lýðræði. Um það er sjálfsagt að ræða, en af lestri greinar Ögmundar grunar mig að margir andstæðingar ESB vildu fremur láta þjóðina greiða atkvæði um uppsögn EES fremur en fulla aðild að ESB.

Öskjuhlíðar-samkeppni

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Á hlaupum á Akureyri sér Amaður haft í DV eftir Jóhannesi Jónssyni í Bónus að Hagar séu barnið hans. Og sárt að horfa upp á skiptingu fyrirtækisins. Honum væri nær að fagna því að vera loksins laus við þetta skýmsli.

Óskiljanlegt er að leyft skyldi á sínum tíma að sameina Bónus og Hagkaup í eitt allsherjareinokunarfyrirtæki. Enn óskiljanlegra er að yfirvöld skyldu heimila innlimun 10/11 búðanna í þetta veldi. Samkeppni var markvisst útrýmt á matvöru-markaðnum eftir að hafa ríkt í nokkur ár, milli Bónusbúðanna og Haugkaups.

Eins og við vitum er frjáls samkeppni óbærilegt ástand fyrir kaupmenn. Enginn hagnast á frjálsri samkeppni nema kannski almenningur – og hverj-

stökum nefndum sem gættu í orði kveðnu hagsmuna bænda en þó einkum valda- og einokunarkerfis sem byggt var kringum hitt smáfurstabandalagið sem þjóðin mátti þola, Framsóknarflokkinn.

Öll var þessi umsýsla þunglamaleg og þunghent og þjóðinni dýrkeypt en hún gerði þó að verkum að í hverfinu þar sem ég ólst upp, Vogunum í Reykjavík, voru um skeið að minnsta kosti sex verslanir í stuttu göngufæri fyrir lítinn dreng að sendast fyrir mömmu sína, mjólkurbúðir með misjafnlega hvefsnum konum; kjötbúðir með kátum köllum í hvítum og skítugum sloppum og fiskbúðir með fyrrverandi sjómönnum sem voru hálfgalnir af viðþolsleysi að komast aftur út á sjó. Að ógleymdri Teitsjoppu blessaðri þar sem mátti sjá unglingana verða til. Það var mannlíf í kringum þetta allt saman, þetta var ákveðin borgarmenning sem manni finnst stundum eins og fokið hafi út í buskann þegar bílaöldin útrýmdi öllu eins og gróðurinn sem fýkur burt í uppblæstri, og ekkert verður eftir nema grátt malbik, þögul bílastæði og fólkið fokið burt.



Fólk kaus Bónus unnvörpum með buddunum. Þeir Bónusfeðgar fengu mikið frá íslensku þjóðinni – þeim var trúað fyrir miklu. Þeir keyptu sér snekkjur og hurfu inn í tilbúinn heim.

um er ekki sama um hann?

Við tók þykjustusamkeppni sem við þekkjum svo vel hjá olufélögum og símafyrirtækjum þessa lands; Öskjuhlíðar-samkeppni. Og um árabíl höfum við búið við samkomulag um að þessi búð sé alltaf með krónu ódýrara en hin búðin um leið og þess hefur verið vandlega gætt að halda matvöruverðinu nægjanlega uppi til að hægt sé að greiða sómasamlegan arð. Fyrir arðinn af því að selja Íslendingum mat virtist á tímabili hægt að kaupa heilu og hálfu heimsborgirnar. Seinna kom að vísu í ljós að til stóð að kaupa heiminn út á krít en það breytir því ekki að gróðinn af því að selja Íslendingum gulrætur og paprikur, pillur, kóka kóla, og seinna hlutabréf í genunum í sjálfum sér, fyllti á tímabili unga menn – sem allir voru vinir – slíkri ofsatrú á sjálfum sér að þeir héldu að þeir kynnu fleiri klæki en nokkur annar kaupsýslumaður í heiminum. Það reyndist ekki svo.

Allt hafði annan róm...

Fram að veldisdögum Bónuss og Hagkaups þar á undan höfðu heildsalar og innflytjendur og matvælaframleiðendur að vísu haft kverkatak á kaupmönnum hér á landi. Á haftaárunum störfuðu heildsalarnir með sérleyfi frá Sjálfstæðisflokknum og smáfurstakerfi hans og guldu honum líka sinn skatt í skýlausum trúnaði og beinhörðum peningum. Verð á landbúnaðarvörum var ákveðið af sér-

Vild og vild

Hagkaup var uppreisn gegn hinu niðurnjörvaða kerfi og þar tókst með hugkvæmni og vinnusemi – og góðum samböndum – að ná niður verði. Þangað flyktist fólk og þegar fyrirtækið óx og óx upp í ógurlegt veldi var ekki nema eðlilegt að glúrnir feðgar sæju sér leik á borði með nýja hugmynd að lágvöruslunarkerfi – Bónus. Sú verslun hefur líka sinn sérstaka karakter og var stofnuð vegna þess að það var eyða á markaðnum, og naut líka mikilla vinsælda hjá almenningi, rétt eins og Hagkaup hafði þar á undan. Það var raunveruleg vild. Eftir því sem gervivildin óx í bók-haldinu þvarr hins vegar raunvildin hjá fólkinu.

Fólk kaus Bónus unnvörpum með buddunum. Þeir Bónusfeðgar fengu mikið frá íslensku þjóðinni – þeim var trúað fyrir miklu. Þeir keyptu sér snekkjur og hurfu inn í tilbúinn heim.

Það er náttúrlega tabú að tala um, en í raun og veru er það svo að íslenskir kaupsýslumenn þola ekki frjálsa samkeppni. Þeir eru friðlausir uns hægt er að stöðva hana. Þegar Hagar voru stofnaðir – og síðar útfærðir frekar – var þess jafnframt gætt að kitta upp í allar glufur á markaðnum. Sú eyða sem Bónus-feðgar höfðu fundið – var vandlega fyllt. Bónus-feðgarnir glúrnú sáu til þess að engir viðlíka hugkvæmir og þeir kæmust inn á markaðinn til að keppa við þá. Sjálfir voru þeir á snekkjunum sínum. Og það fór sem fór.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til stytta efni.



Sérfræðingur frá Under Armour veitir aðstoð við val á hlaupaskóm.

ÚTSALA
allt að 50% afsláttur



Under Armour Spectre II

miðvikudag í Smáralindinni
fimmtudag í Kringlunni
milli 14:00 - 17:00

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

Garðhúsgögn sem endast

Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum við



ÚTSALA



Ein endingarbestu garðhúsgögn sem völ er á



Garðhúsgögn á pallinn eða í sólstofuna



Margir litir og gerðir af púðum Legubekkur



Stillanlegt bak Stækkanleg borð Hringborð Garðbekkur



Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375

30 ára reynsla á Íslandi www.valhusgogn.is

Enn um málfarsumræðu

Íslenskt mál

Ásgrímur
Angantýsson
málfarsráðunautur
Ríkisútvarpsins



Grein Þorgríms Gestssonar í Fréttablaðinu 14. júlí sl. gefur tilefni til að rifja upp algengar skilgreiningar á lykilhugtökum í umræðu um mál og málnotkun. Rétt mál er það sem er í samræmi við málvenju. Rangt mál er það sem brýtur í bága við málvenju. Um flest atriði málsins gildir að allir hafa sömu málvenju en um sumt eru uppi tvær eða fleiri venjur. Málvenja getur verið bundin landsvæðum eða ákveðnum samfélagsþópum en einstaklingsbundin frávik geta ekki flokkast undir málvenju. Á vissum sviðum málnotkunar, t.d. í undirbúnum flutningi í Ríkisútvarpinu, er ekki einungis gerð krafa um að málfar sé í samræmi við viðurkennda málvenju heldur einnig að það sé lipurt, skýrt, vandað og viðeigandi.

Við skulum velta fyrir okkur dæmum Þorgríms með þetta í huga. *Að festa kaup á eitthvað* samræmist ekki neinni málvenju og er því rangt mál. Ég geri ráð fyrir að þetta hafi annaðhvort verið mismæli eða að viðkomandi fréttamaður hafi upphaflega ætlað að nota sögnina *kaupa* og síðan láðst að laga setninguna. Af þessu má draga þann lærdóm að þeir sem hafa atvinnu af því að nota málið þurfa stöðugt að vera á varðbergi og hugsa um það sem þeir skrifa og segja. *Að spá í einhverju* er mjög algengt eins og Þorgrímur bendir sjálfur á og getur því ekki talist rangt mál en margir amast við þessu orðalagi og þess vegna er best að sneiða hjá því við formlegar aðstæður. Mér finnst fyllilega réttmætt að benda á að hlutafé merkir

annað en hlutabréf og tengi það ekki við dómhörku.

Þorgrímur nefnir viðtengingarhátt í dæmum eins og *Það er þarna í hillunni ef það sé til*. Ef menn ætla að vanda sig er sjálfsagt að forðast þessa notkun viðtengingarháttar því að hún nýtur ekki viðurkenningar. Raunar er algengara umkvörtunar-efni að viðtengingarháttur sé ekki notaður þar sem hann ætti að vera og sé jafnvel að hverfa úr málinu: *Ég held að Guðmundur er kominn* o.s.frv. Viðtengingarhátturinn virðist því sums staðar vera í sökn og annars staðar á undanhaldi. Í formlegu máli á auðvitað að gæta þess að háttanotkun sé í samræmi við viðtekna málvenju.

Þá veltir Þorgrímur fyrir sér notkun svokallaðs dvalarhorfs í setningum á borð við *Ég er ekki*

**Þau eru að búa á Siglufirði, *Hann er að elska konuna sína*. Þarna eru sem sagt ákveðnar hömlur, líka hjá þeim sem segja *Ég er ekki að skilja þetta*. Hömlurnar eiga við þegar sögnin lýsir einhvers konar ástandi eða upplifun sem hefur enga framvindu enda hefur þetta orðasamband (vera að + nafnháttur) líka verið nefnt *framvinduhorf*.

Nýja dvalarhorfið virðist vera af þrennum toga. Í fyrsta lagi er *vera* að notað með ákveðnum ástands-sögnum sem hægt er að túlka sem einhvers konar verknad: *Ég er ekki að skilja þetta* (skilja-ná tökum á). Í öðru lagi er *vera* að notað með sögnum sem er hægt að túlka sem endurtekinn verknad: *Íslendingar eru að greiða ótrúlega látið í þróunarhjálp* (fastar greiðslur). Í þriðja lagi er svo hægt að nota *vera* að



Á vissum sviðum málnotkunar, t.d. í undirbúnum flutningi í Ríkisútvarpinu, er ekki einungis gerð krafa um að málfar sé í samræmi við viðurkennda

málvenju heldur einnig að það sé lipurt, skýrt, vandað og viðeigandi.

að skilja þetta. Hér er nauðsynlegt að greina á milli hefðbundinnar og nýrrar notkunar. Ég geri ráð fyrir að öllum finnist eðlilegt að nota *vera* að í dæmum eins og *Hann er að lesa Njálu* og *Þau voru að borða svið þegar við komum*. Þarna táknar þetta að einhver verknadur eða athöfn standi yfir. Eins má búast við að allir geti sagt *Ég er að fara* og *Hún var að setjast*. Í þessum dæmum merkir þetta að eitthvað sé alveg að fara að gerast eða nýbúið að gerast. Það eru líka dæmi um að það gangi alls ekki að nota *vera* að: **Ertu að vita hvað klukkan er?*,

í lýsingum á því hvernig einhver gerir eitthvað: *Liðið var að spila vel*. Þessi síðasta tegund hefur stundum verið kölluð íþróttahorf af því að hún kemur oft upp þegar verið er að lýsa einhverju sem ber fyrir augu. Hvort þessi tilbrigði dvalarhorfs ógna sagnbeygingunni eða ekki skal ósagt látið en í ljósi óvinsælda þeirra er ráðlegt að varast þau við formlegar mál-aðstæður.

Að mínu mati ættu tilbrigði og nýjungar í máli að vekja forvitni og skilningsþrá frekar en sjálfvirk vandlætningarviðbrögð.

Þjóðin á listaverkin í bönkunum

Samfélagsmál

Svavar
Gestsson

fyrirverandi
menntamálaráðherra



Þegar bankarnir voru einkavæddir fengu kaupendur þeirra mörg hlunnindin fyrir ekki neitt. Þetta gerðist reyndar ekki aðeins með bankana. Þannig er sagt að Sementsverksmiðja ríkisins hafi átt jörð sem fylgdi þegar verksmiðjan var einkavædd. Fyrsta verk hinna nýju eigenda var að hluta jörðina niður í sumarbústaðalönd og selja. Andvirði sumarbústaðalöðanna á að hafa dugað fyrir því sem borgað var fyrir verksmiðjunum. Þannig æddi einkavæðingin áfram eins og skriðdrekar í stríði eða eins og engisprettuher. Einkavæðingin keytti hvorki um skömm né heið-

ur. Svo mikið lá á að koma eignunum án hirðis í hendur græðginnar að aldrei var spurt um neitt annað en debet og kredit og illa það eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Þegar bankarnir voru einkavæddir fylgdu þeim hundruð listaverka og þau voru ekki metin á einseyring við sölu bankanna. Þjóðin átti reyndar listaverkin í raun því hún átti bankana. Það var ekkert tekið fram um listaverkin sérstaklega. Það var og er bannað að láta af hendi eigur ríkisins nema með sérstökum lögum. Það er því hægt að halda því fram að ríkið eigi verkin af því að þau hafi ekki verið látið af hendi með löglegum hætti.

Þess vegna er allt annað fráleitt en það að ríkið eignist verkin núna og að líta ber þannig á að ríkið, það er þjóðin, eigi verkin. Skilanefndirnar eru engar listaverkasjoppur. Þjóðin á verkin. Eðlilegast væri að

Listasafn Íslands tæki öll verkin undir sína umsjá. Síðan á Listasafn Íslands að taka það af verkunum sem safnið þarf til þess að tryggja heildaryfirsýn yfir íslenska myndlist. Það sem þá er eftir á að selja á uppboði til ágóða fyrir íslenska myndlist. Þetta er svona einfalt. Það er fáránlegt að taka öðru vísi á málinu. Nú hefur menntamálaráðherra tryggt ríkinu forgangsáðgang að verkum þessum í sjö ár. Það er frábært. Þau sjö ár á að nota til þess að merkja þjóðinni þessi verk.

Auk þess er það því miður svo að verk þessi í svo stórum stíl geta ekki skipt sköpum fyrir afkomu kröfuhafanna sem sagðir eru eiga bankanna. Og ef í nauðir rekur má taka verkin eignarnámi með lögum í þágu þjóðarinnar. Það hefur áður verið gert; Hótel Borg var tekin eignarnámi á stríðsárunum. Við höfum átt í efnahagslegu stríði. Rökin eru þau sömu nú og þá.

Forseti Alþingis og fullveldi Íslands

Fullveldi Íslands

Sigurbjörn
Svavarsson

rekstrarfræðingur
og stjórnmálaður
í Samtökum
fullveldissinna.



Forseti Alþingis, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, ritar grein í Fréttablaðið 26. júní sl. sem hún nefnir; „Fullveldið tryggt í ESB“. Þar varpar hún fram sex spurningum, en svarar sjálf aðeins einni þeirra.

„Fullveldið betur tryggt innan ESB.“

Hún segir að fullveldi landsins sé betur borgið innan ESB og inn-ganga skerði fullveldi landanna. Þessi fullyrðing er röng því öll ríki ESB hafa framselt hluta af sjálfþæði og fullveldi til ESB, en ekkert þeirra hefur fært ákvörðun um stjórn helstu auðlinda sinna og undirstöðuáttvinnuvega til ESB, eins og Samfylkingin vill gera.

„Hvar á Ísland heima?“ spyr forseti Alþingis. Svarið er: Ísland mun áfram rækta viðskipta- og samstarf við önnur lönd á jafnréttisgrunni. En hagar Íslands versnar við inngöngu í ESB á mörgum sviðum. Allir viðskiptasamningar sem við höfum byggt upp í áratugi falla niður og í stað þess gengst Ísland undir mun verri viðskiptasamninga ESB, m.a. um sölu fiskafurða til Japans, Kína, USA og annarra mikilvægra markaða. Samlíking hennar um að innganga í ESB sé eðlilegt framhald aðildar að NATÓ er í meira lagi sérkennileg.

„Hvernig samfélagi viljum við tilheyra? Hvaða framtíð viljum við búa börnunum okkar?“ Það er hægt að fullyrða að Íslendingar vilja lifa í sjálfstæðu, lýðræðislegu og réttlátu samfélagi með góð samskipti við allar þjóðir. Það er líka hægt að fullyrða að við viljum skila því samfélagi til barna okkar án þess að hafa misst sjálfstæðið í helstu málum aftur til Evrópu, aðeins 70 árum eftir að hafa hlotið það. Forseti Alþingis á frekar að upplýsa almenning um afleiðingarnar á samfélag okkar ef sjávar- og orkuauðlindir þjóðarinnar komast í eigu erlendra stórfyrirtækja og að landbúnaður stórskerðist við inngöngu í ESB. Þessi áhætta er raunveruleg vegna reglna ESB og efnahagslegs veikleika innlendra fyrirtækja.

„Hvernig getum við tryggt lang-

tímastöðugleika í íslensku efnahagslífi og traustari umgjörð um atvinnulífið? „-,Hvernig getum við rofið víthring verðbólgu, vaxta og verðtryggingar sem þekkist hvergi annars staðar í Evrópu?“ Hér er átt við að upptaka evru sé lausnin. En það eru stjórnmálamenn sem hafa viðhaldið þessu kerfi sem þarf að afnema sem fyrst, þá fá þeir það aðhald sem þingforseti biður um frá Brussel.

Hæðnisorð um krónuna hittir þá sjálfa fyrir. Styrkur gjaldmiðils fer eftir efnahagsstefnu stjórnvalda sem byggir á peningastefnu og ríkisfjármálum en ekki eftir heiti gjaldmiðils og það vita þær 160 þjóðir sem hafa sinn eigin gjaldmiðil. Það á ekki að þurfa erlent aðhald í formi AGS eða Seðlabanka Evrópu til að hér sé rekin ábyrg efnahagsstefna.

„Að húka út á gangi.“ Forseti Alþingis segir vont að „að húka út á gangi“ og á þá við sjálfvirka innleiðingu tilskipana ESB vegna EES-samningsins. Í þessu kemur fram vilja- og ráðaleysi stjórn-málamanns. EES-samningurinn um frelsin fjögur og samræmda löggjöf í þeim efnum var gerður 1992. Eðli tilskipana hefur breyst og eru orðnar víðtækari. Pólitískt vægi EFTA hefur minnkað og því átti Alþingi að hafa sjálfstæðari skoðun á tilskipunum ESB en að afgreiða þær sjálfkrafa. Það er svo talsýn að Ísland geti haft áhrif á gerð tilskipana eftir að búið er að afnema neitunarvald einstakra ríkja Lissabon-sáttmálanum.

Framtíð Íslands sem fullvalda og framsækings þjóðfélags er ekki undir inngöngu í ESB eða upptöku evru komin.

Með Maastricht-sáttmálanum 1992 breyttist eðli EB úr efnahags-sambandi í pólitískt samband, Evrópusambandið (EU) og grunnur lagður að enn frekari pólitískri og efnahagslegri samvinnu sem tekur á sig myndun Stór-Evrópuríkis í Lissabon-sáttmálanum. Hvort þessi tilraun um Stór-Evrópuríki tekst og Evrópa verði sambandsríki líkt og Bandaríki Norður-Ameríku mun tíminn leiða í ljós.

Er það framtíðarsýn forseta Alþingis hins íslenska lýðveldis að Íslandi verði stjórnað frá Evrópu, auðlindum þess ráðstafað þaðan og þjóðin algjörlega háð innfluttum matvælum og verði þannig úteyj- arfylki Evrópu líkt og Hawaii er úteyjarríki Bandaríkjanna?

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán
fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla

Margir litir í boði – Frábær verð í gangi



www.lur.is

Europrið

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



TILBOÐSPAKKI

47.990

TRAMPÓLÍN, 3,6 M + ÖRYGGISNET

- Trampólín í stöku, kr 34.990
- Öryggisnet í stöku, kr 21.990



VERÐ ÁÐUR: KR 27.990

NÚ: **19.990**

GARÐSETT

- Borð og fjórir stólar. Sessur fylgja ekki



249

SALERNISPAPPÍR - 8 Í PK

- Miljø-spar



89

pr. stk

FAXE - 33 CL

- Appelsínu
- Sítrónu
- Faxe Kondi, orkudrykkur



2990

PVOTTAGRIND

799

RUSLAPOKAR

- 30 á rúllu



1990

pr. pk

BIOTEX - 5 KG

- Fyrir hvítan og litaðan þvott

2290

SVEFNPOKI



6990

SVEFNPOKI

- Fyrir allt að -15°C



2790

SVEFNPOKI

- Lítil og léttur, einungis 800 gr



www.euopris.is



Elskuleg móðir okkar, amma,
langamma og tengdamamma,

Friðrika Beta

Líkafrónsdóttir

áður til heimilis Álfhólsvegi 66,
Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þann 9. júlí.
Jarðarförin fór fram í kyrrþey þann 16. júlí. Innilegar
þakkir til starfsfólks Álfhóls.

Hrönn Guðný Gunnarsdóttir
 Rósa Sigríður Gunnarsdóttir
 Bjarney Sólveig Gunnarsdóttir
 Gunnar Björgvín Gunnarsson
 barnabörn og barnabarnabörn.
 Jón Oddur Jónsson
 Hannes Kristinsson
 Böðvar Böðvarsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
bróðir og afi

Gylfi Magnússon

Hjarðarholti 13, Akranesi lést 11. júlí.

Útförin fer fram frá Akranes Kirkju þriðjudaginn
20. júlí kl. 14.00.

Aðalheiður Gylfadóttir
 Magnea Gylfadóttir
 Ebba Magnúsdóttir
 og barnabörn.
 Ásgeir Ólafsson
 Hörður Einarsson



Elsku dóttir okkar og systir

Ástríður Tómasdóttir

verður jarðsöngin frá Neskirkju miðvikudaginn 21. júlí
kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir
en þeir sem vildu minnst hennar eru beðnir að láta
Unicef á Íslandi eða aðrar hjálparstofnanir njóta þess.

Ásta Svavarsdóttir
 Tómas R. Einarsson
 Kristín Svava Tómasdóttir
 Ása Bergný Tómasdóttir



Elskulegur sonur, bróðir og barnabarn

Stefán H. Skúlason,

Hólmasundi 2,

lést að morgni 12. júlí sl. á Landspítala, Fossvogi.
Útför verður gerð frá Víðistaðakirkju, Hafnarfirði,
mánudaginn 19. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst
Stefáns er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra
barna.

Katrín Árnadóttir
 Guðný Kristín Winkel
 Katrín Pála Winkel
 Guðný Sigurðardóttir
 Páll E. Winkel
 Árni Hreiðar Þorsteinsson

Niðjasamtök Gunnlaugsstaðaættarinnar

Aðalfundur samtakanna verður **laugardaginn 24. júlí**
næstkomandi klukkan 14.00
í **samkomuhúsinu við Þverárreitt í Borgarfirði.**

Best er að koma á föstudagskvöldið svo hægt sé að mýkja
söngróddina fyrir átök laugardagsins.

Með kveðju, stjórnin.

EDGAR DEGAS FÆDDIST PENNAN
DAG ÁRÍÐ 1834

„Málun er auðveld þegar
þú kannt ekki til verka en
erfið þegar þú gerir það.“

**Franski listamaðurinn Edgar
Degas (1834-1917) er þekktur
fyrir málverk sín, skúlptúra
og teikningar. Lítið er á hann
sem einn af upphafsmönnum
impressionismans.**



tímamót

timamot@frettabladid.is



Hjartkær eigenmaður, faðir,
stjúpfaðir, tengdafaðir og afi

Guðmundur

Ingimundarson

verslunarmaður, Bogahlið 8, Reykjavík

lést þriðjudaginn 13. júlí á Landspítalanum við
Hringbraut. Útförin fer fram frá Háteigskirkju
miðvikudaginn 21. júlí kl 13.

Jóhanna M. Guðjónsdóttir
 Guðjón Ingi Guðmundsson
 Elsa Guðmundsdóttir
 og barnabörn.
 Ruth Guðmundsdóttir
 Björgólfur Thorsteinsson



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir
og afi,

Sigurður Þorgeirsson

Pósthússtræti 1, Keflavík

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þriðjudaginn
13. júlí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju,
fimmtudaginn 22. júlí kl. 14.00.

Erna Sigríður Sigurðardóttir
 Lilja Bergmann Sigurðardóttir
 Garðar Sigurðsson
 Gunnlaug Olsen
 Kolbrún Dóra Kristinsdóttir
 Jóna Kr. Olsen Sigurðardóttir
 og barnabörn.
 Friðrik Sverrisson
 Ásta Halldóra Böðvarsdóttir
 Sturla Ólafsson
 Þór Sigurðsson
 Leif Erik Williams



Innilegar þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð og vinarbug við
andlát og útför

Gísli Bessasonar

frá Kyrholti í Skagafirði, til heimilis að
Kjarnalundi, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Kjarnalundar
fyrir frábæra umönnun og hjúkrun.

Bessi Gíslason
 Guðrún Gísladóttir
 Elínborg Gísladóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.
 Una Þóra Steinþórsdóttir
 Jóhannes Mikaelsson
 Hörður Ágústsson



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

PETTA GERÐIST: 19. JÚLÍ 1627

Tyrkjaráninu lýkur

Tyrkjaráninu lauk hinn 19. júlí 1627
þegar ránsmenn frá Algeirsborg í
Alsír sneru aftur til Norður-Afríku.
Höfðu þeir með sér um fjögur
hundruð manns frá Grindavík,
Austfjörðum og Vestmannaeyjum.

Sumarið 1627 komu tveir
ræningjahópar frá Norður-Afríku
til Íslands. Annar var frá borginni Sale í Marokkó og hinn kom frá
Algeirsborg. Fyrri hópurinn fór til Grindavíkur og tók land 20. júní
1627. Þeir hertóku þar fimmtán Íslendinga, felldu tvo og tóku tvö
skip með áhöfn og annað herfang. Hinn hópurinn fór til Aust-
fjarða 5. til 13. júlí og náði fólki á mörgum bæjum. Austfjarða-
þokan varð þó sumum búendum til bjargar. Því næst var haldið
til Vestmannaeyja.

Heimild: Vísindavefur.hi.is



JÓN GARÐAR SNÆLAND Reynir að verja sem mestum tíma utan
borgarmarkanna. Hann hefur víðað að sér upplýsingum um fjallaskála
á Íslandi undanfarinn áratug.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**JÓN GARÐAR SNÆLAND: GEFUR ÚT
BÓK UM FJALLASKÁLA Á ÍSLANDI**

Afrakstur af tíu ára vinnu

Útgáfufélagið Skrudda hefur gefið út bókina Fjallaskálar á
Íslandi eftir Jón Garðar Snæland. Í þessari bók er í máli og
myndum lýst hartnær 400 skálum, gömlum og nýjum, sem
reistir hafa verið víðs vegar á Íslandi.

Bókin var ekkert áhlaupsverk og segist Jón Garðar hafa
verið að víða að sér upplýsingum um fjallaskálana á ferða-
lögum um landið undanfarinn áratug. „Þetta hefur smám
saman safnast í sarpinn á þeim tíma en ætli ég hafi ekki
byrjað að skrá niður upplýsingar um hvern og einn skipu-
lega undanfarin fimm ár,“ segir Jón Garðar sem gaf út bók-
ina Heitar laugar á Íslandi ásamt Þóru Sigurbjörnsdóttur.

Fjallaskálar á Íslandi hefur að geyma fróðleik um skál-
ana, sögu þeirra og búnað. Ljósmynd er af öllum skálunum
og staðsetning þeirra mörkuð með GPS-punkti og á landa-
korti. Spurður hvort hann eigi sér einhvern uppáhaldsskála
segir Jón Garðar erfitt að gera upp á milli þeirra. „Þetta er
slíkur aragrúi af skálum og mjög margir flottir. En ætli ég
myndi ekki tilneyddur velja skálana á Austfjörðum, þeir eru
margir hverjir mjög flottir og í ægifagurri náttúru.“

Jón Garðar fékk ferðabakteríuna í barnæsku og ferðaðist
mikið með föður sínum. Eftir að hafa búið erlendis í nokkur
ár ágerðist áhuginn enn frekar. „Maður sér landið í öðru
ljósi og lærir að meta það upp á nýtt,“ segir Jón Garðar sem
reynir að verja sem mestum tíma í óbyggðunum. „Ég hef
ekki tölu á hversu margir dagar þetta eru á ári en stóran
part sumars er ég úti á landi og svo fer maður auðvitað líka
í nokkrar vetrarferðir á hverju ári.“

bergsteinn@frettabladid.is



Útför elskulegrar mágkonu og frænku
okkar,

Magneu Katrínar

Hannesdóttir

frá Stóru Sandvík,

verður gerð frá Selfosskirkju þriðjudaginn 20. júlí
klukkan 13.30.

Hrefna Gísladóttir
og systkinabörn hinnar látnu.



POTTAPLÖNTUR þurfa mismikla sól og mismikið vatn og um að gera að kynna sér þarfir þeirra þegar þær eru keyptar. Fyrir þá sem finnst of flókið að muna hvað hentar hverri plöntu geta gerviblóm verið góður kostur.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Köflótt skyrta með hettu
áður 12.990 **Nú 5.990**



ÚTSALA

**Nú er hægt að
gera frábær kaup**

komdu, það borgar sig.

Opið mánud. – föstud.
frá kl 11 – 18 **40%**
50% **Lokað á laugardögum**

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Myndlistarvörur í miklu úrvali !

LISTALAGERINN
JARN&GLER

Skúlvogur 1h (Barkanogsmegin)
104 Reykjavík s: 58 58 900
www.jamgler.is - jamgler@jamgler.is



512 54 01 Auglýsingasími

Allt sem þú þarft...



„Það veit enginn hver málaði myndina en mér finnst hún óskaplega falleg og mikil ró yfir henni,“ segir Birna Berndsen, ráðgjafi hjá Athygli og ráðstefnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Pappírsbrúðkaupsgjöfin frá honum Palla mínum

Þegar Birna Berndsen, annar tveggja eigenda hins nýja fyrirtækis Athygli ráðstefnur, er beðin að nefna einhvern hlut á sínu heimili sem er í miklum metum gengur hún að gamalli mynd í dökkum ramma.

„Mér þykir mjög vænt um þessa mynd af tveimur ástæðum,“ segir Birna. „Bæði af því að þetta er pappírsbrúðkaupsgjöfin frá honum Palla mínum og líka af því mér finnst konan svo lík ömmusystur barnanna minna.“

Palli heitir fullu nafni Páll Benediktsson. Birna segir hann hafa gefið henni myndina þegar þau voru búin að vera gift í eitt ár. Hann hefði átt leið framhjá Stúdíó

Stafni og séð hana þar í glugganum. „Viktor Smári í Stúdíó Stafni sagði honum að margir væru búnir að spyrja um myndina en hún væri ómerkt. Hún hefði komið frá safnara og listfræðingar teldu líklegt að hún væri eftir einhvern af gömlu meisturunum, Þorvald, Júlíönu eða einhvern slíkan, en enginn vildi samt taka af skarið. Hún gæti líka verið eftir einhvern danskan. Og af því hún var ómerkt þá var

hún á góðu verði svo Palli keypti hana handa mér,“ segir Birna.

„Það fyrsta sem ég sagði þegar ég sá myndina var að mér fyndist konan líkjast Áslaugu, frænku barnanna minna. Hún var oft í Unuhúsi og sat fyrir hjá Louisu Matthíasdóttur, Nínu Tryggva og fleirum. Myndin minnir mig á hana en það er kannski bara eitt-hvað sem augað býr til.“

gun@frettabladid.is

SUMAR ÚTSALA

Gerið gæða- og verðsamanburð

6 mánaða
vaxtalaugar
greiðslur

Svefn & heilsa



www.svefn.is

**20-50%
AFSLÁTTUR**


Lök, hlífðardýnur, sængurverasett,
heilsukoddar, viðhaldskoddar,
íslenskir PU leðurgaflar,
náttborð, útlitsgallaðar dýnur
og fleira.

Ný sending SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

VALHÖLL/FREYJA **Ný sending**
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



MJÖG GLÆSILEGT FYRIR SUMARBRÚÐINA



teg. AVA - hlýralaus BH í stærðum D,DD,E,FF,G á kr. **11.450,-**
bandabuxur í S,M,L,XL á kr. **4.990,-**
sokkabandabelti í S,M,L,XL á kr. **6.990,-**
læraband á kr. **2.990,-**

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.

Opið mán.-fös. 10-18,

Lokað á laugardögum í sumar

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is



Eldhús er herbergi sem notað er til að elda og undirbúa mat. Ef eldhúsið er hluti af stærra herbergi, sem notað er í annað, þá nefnist það eldhús-krókur. Á Vesturlöndum er yfirleitt ofn í eldhúsum sem og ísskápur. Þar er líka vaskur með heitu og köldu vatni til að nota við eldamennskuna og til að vaska upp, þó oft sé uppþvottavél í nútímaeldhúsi. Eldhús eru oft samkomustaður fjölskyldunnar og vina, jafnvel þó ekki sé verið að matbúa.

is.wikipedia.org



Vöruhönnuðirnir Friðgerður Guðmundsdóttir og Kristín Birna Bjarnadóttir hanna saman undir merkinu Gerist, en þær sigruðu í hönnunarsamkeppni um minjagrip fyrir Reykjavíkurborg.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Heitur pottur í sápulíki

Heitu pottarnir í Laugardalslauginni urðu kveikjan að handklæði og sápu sem Kristín Birna Bjarnadóttir og Friðgerður Guðmundsdóttir unnu sigur fyrir í hönnunarsamkeppni um minjagrip fyrir Reykjavík.

„Við ákváðum að horfa til ferðaþjónustunnar og finna út hvað í borginni hefði einna mest aðdráttarafl á erlenda ferðamenn. Sú rannsókn leiddi í ljós að stór hluti þeirra heimsækir sundlaugarnar okkar og finnst mikið til þeirra koma. Þannig varð hugmyndin til,“ segir Kristín Birna Bjarnadóttir, sem ásamt Friðgerði Guðmundsdóttur sigraði í hönnunarsamkeppni um minjagrip fyrir Reykjavíkurborg fyrr á árinu, með handklæði og sápu sem líkjast heitum potti og til stendur að framleiða á næstunni.

„Við fáum frumgerðina að handklæðinu afhenta í dag og líki okkur útkoman er viðbúið að það verði komið í sölu eftir um það bil fjórar vikur ef allt gengur að óskum. Ferlið í kringum sápu er lengra,“ segir Kristín og eftirvæntingin leynir sér ekki í röddinni, enda hafa þær Friðgerður staðið í ströngu við að koma vörinni af teikniborðinu og í framleiðslu.

Að hennar sögn kemur sápan til með að verða tvílit, blá eins og pottarnir í Laugardalslauginni og glær eins og vatnið, en handklæðið verður hvítt. Til greina komi



Sápan líkist heitum potti og handklæðið sjali þegar búið er að vefja því utan um sig

að bæta litum við síðar ef varan gengur vel í sölu. „Við sjáum bara hvernig þetta fer af stað,“ segir hún og bætir við að þótt sápan og handklæðið hafi verið hugsað sem minjagripir ættu lands-



menn sjálfir alveg allt eins að geta notið þeirra. „Hvorutveggja er falllegt inni á hvaða heimili sem er og líka hæglega hægt að kippa þessu með sér í sund.“

roald@frettabladid.is

Rauðakrosshúsið

Dagskrá vikunnar

Ókeypis fyrir alla

Mánudagur 19. júlí

- **Taktur** - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. kl. 9 -12
- **Prjónahópur** - Komdu og prjónaðu í góðum félagsskap. kl. 13 -15
- **EFT og djúpslökun** - Umbreyttu heftandi viðhorfum og innleiddu EFT inn í daglegt líf þitt. Umsjón: Viðar Aðalsteinsson, EFT sérfræðingur. kl.14 -16

Gönguhópurinn Njótanda og þjótanda - Gengið um höfuðborgarsvæðið þrísvar í viku (mán. kl. 13, mið. og fös. kl.10) og margvíslegir staðir skoðaðir. Upplýsingar um upphafsstaði hverju sinni á raudakrosshusid@gmail.com.

Þriðjudagur 20. júlí

- **Taktur** - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. kl. 9 -12
- **Skip án skipstjóra** - Einstaklingur án markmiða er eins og skip án skipstjóra. Settu þér markmið og fylgdu þeim eftir. kl.13 -14
- **Lífskraftur og tilfinningar** - Fimmti hluti af sex. Lokað! kl.14 -16
- **Gönguhópur** kl. 13 -14 ► **Vinum saman (Býflugurnar)** kl. 14 -16

Miðvikudagur 21. júlí

Miðvikudagar eru dagar unga fólksins í Rauðakrosshúsinu

- **Taktur** - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar, fréttasmiðja, heilsuhópur og margt fleira. kl. 9 -16
- **Skapaðu þér góða framtíð!** - Fimmti hluti af sex. Lokað! kl. 13 -15
- **Ráðgjöf fyrir innflytjendur** kl. 14 -16 ► **Briddsklúbbur** kl. 14 -16

Fimmtudagur 22. júlí

- **Taktur** - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. kl. 9 -12
- **Ítölsk matargerð** - Lærðu að gera ljúffenga rétti og smakkaðu. kl.13 -14
- **Lífskraftur og tilfinningar** - Sjötti hluti af sex. Lokað! kl.14 -16
- **Heilsuhópur** - Hreyfing skiptir máli! Lærðu að gera vinnuáætlun um þína hreyfingu og það er aldrei að vita nema að æfingunum fjölgi. kl.14-15
- **Tölvuaðstoð** kl. 13:30-15:30 ► **Art of living - Hugleiðsla** kl. 15 -16

Föstudagur 23. júlí - Lokað

- **LOKAÐ! Rauðakrosshúsið verður lokað alla föstudaga í júlí.**
- **Heilsuhópur Takts** - Fyrir alla sem vilja. Útileikfimi í Nauthólsvík. Mæting kl. 9 í Rauðakrosshúsinu. Leikfimin hefst kl. 9:30.



Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is
www.raudakrosshusid.is | Opið mánudaga til fimmtudaga kl. 13-16



ÚTSALAN HAFIN


30%-50%

afsláttur af útsöluvörum

Flott fót fyrir flottar konur,
Stærðir 40-60.

belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is



Líflegar borðplötur

EKKI ÞARF AÐ VERA MIKIÐ MÁL AÐ HRESSA UPP Á BORÐPLÖTUR SEM ERU FARNAR AÐ LÁTA Á SJÁ.

Ef borðplatan á stofuborðinu eða borðstofuborðinu er orðin lúin má lífga upp á hana með því að fá sér gler- eða plexiglerplötu ofan á hana. Undir plötuna er svo tilvalið að setja dúk eða veggfóður eða jafnvel fjölskyldumyndir, hugmyndafluginu eru engin takmörk sett.

Í barna- og unglingaherbergjum getur þetta verið sniðug lausn fyrir skrifborð.

- eð

híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 19. JÚLÍ 2010





GARÐYRKJA & UMHVERFIÐ
MAGNÚS BJARKLIND GARÐYRKJUTÆKNIR

Um hellulagnir

Hellulagnir fela í sér útlagningu á hellum, steiptum eða náttúrulegum. Mikilvægt er að hellur sé valdar með tilliti til þess álags sem á svæðinu verður, til dæmis hvort um sé að ræða umferðargötu, innkeyrslu eða göngustíg. Í dag er úrval steinsteyptra hellna mikið og gæði framleiðslunnar í flestum tilfellum góð. Á Íslandi er ekki mikið um að náttúrugrjót sé notað í hellulagnir en það hefur þó færst í vöxt á síðustu árum. Sem dæmi má nefna hraun-, granít- og basaltflísar, brústeina- og oddsteinalagnir.

eigandi.Verð 5.150 þús. S.893 5358.

Fornbílar



Aðeins þrír jeppar óseldir. Willys CJ24
övenju fallega uppgerður og góður.
Willys CJ2A mjög vel uppgerður, ný
skúffa - nýjar blæjur. Vel ný upptekin
Willys Overland station ,60. Ekkert ryð,
nyppgerð hurri cane vél. Allir skráðir
fornbílar. Allir á númerum og tryggðir.
Uppl. í s. 898 8577.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja
Sendibílastöðin sími 568-5000.

Ó.É að kaupa miðlungs sendibíl eða
lítin, m/ stöðvarleyfi. Uppl. í S. 899
2420

Mótorhjól



Honda CRF150 2008 árgæð. Geggjuð
græja, aðeins notuð í 8 tíma, hjólið er
eins og nýtt. Komid með Fat Bar stýri.
Verð: 600,000 en á tilboði núna á
520.000 S.8961312



Til sölu glæsilegt Yamaha V-Star 1100
Classic árg.2005 hlaðið aukahlutum.
Innflutt 2007. Upplýsingar í 841 7012



Honda CRF250R árg'07. Ekið 14,2 tíma.
Mjög vel með farið. verð 570uppl í
6615121



KAWASAKI Á 600.000!

Kawasaki KX250F árg 2008 ekið ca 55
klst óbrjótanleg haldföng ný olía gott
hjóll verð aðeins 600.000 staðgreitt
uppl.í síma 861 7600.



Vandaðar Vespur. Notuð Peugeot speed
flight 2. Auðveldar í akstri, sparneytnar
, Áreiðanlegar, Kostar ný um 480 þús.,
þessi á 250 -stgr. afsl. Uppl. í s. 551
7678 & 898 8577.



Til sölu Honda Valkyrie Rune, árg.
2005, ekið aðeins 3þ. km, einn eig-
andi, fallegasta hjól landsins, uppl. í
s: 892 1116.

Fjór hjól



Mikið úrval aukahluta fyrir fjór hjól og
vélsleða. Msport hefur opnað verslun
að Auðbrekku 10, kóp. Opið 17:30 -
20:00 alla virka daga. www.msport.is

Til sölu Suzuki King Quat 700 ,07. Ek.
5þ. Clutchkitt, tölvukubbur, 26" dekk,
2stk bensínbrúsar. ATH. að taka endur-
ohjól upp í. Uppl. í S. 696 1597.

Reiðhjól



Kría Hjól
**Eina sérhæfða hjóla-
smíðastofa landsins!**

Alhliða hjólaviðgerðir-Sérsmíðum hjól-
Gerum upp hjól Fagþjónusta á góðu
verði Kría Hjól-Hólmaslóð 2 og Ármúla
42 kriacycles.comS: 534 9164 / 659
1595.

Kerrur



HUMBAUR álkerrur. 13" dekk. Verð frá
165.000 kr. www.topplausnir.is Lyngás
8, Garðabæ s: 898-7126

Hjólhýsi



Mikið úrval af felliþýsum á skrá og á
staðnum, sjá söluskrá [www.bilabank-
inn.is](http://www.bilabank-
inn.is) Vegna mikillar sölu vantar allar
gerðir af felliþýsum, hjólhýsum, húsbíl-
um og tjaldvögnum á skrá og á staðinn.

Bilabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is



Til sölu Hjólhýsi Knaus sport 2008 frá
Vikurverk. Mjög vel með farið og lítur
út eins og nýtt, alltaf geymt í upphit-
uðu húsnæði á veturnar. Húsið er vel
búið með ýmsum aukabúnaði svo sem
markisu, hjólagrind, sjónvarpsloftneti,
230v, rafmagnshitun (ultra heat)
og fl. Verð 2.950 milljónir stgr. uppl. í
s.860 7778.



Hobby hjólhýsi 650 KFMe 18 ferm.
Isabell fortjald. Húsið er nýskráð 2005
enn fyrst skráð í lokárs 1998. Húsið lítur
mjög vel út ný skoðað án atugas. verð
2.200.000 upp. 8922568 - 8640972

Hobby 560 ukr 2007.Mjög lítið notað
hús með öllum aukahlutum. Verð 3,5
mil. 865-5218



Hobby exelant easy árgæð 2004 til sölu.
Breidd 2,3 m, þyngd 1,500 kg. Stórt for-
tjald, gaseldavél, isskápur, gasmiðstöð,
örbylgjuofn, rafmagnsvatnshitari, 12v
og 220 v rafkerfi. Upplýsingar í síma
898 7327.

HYMER NOVA S 545 nýskráð 2009 ,
sólarsella, markisa,hliðar omfl hjárest-
ing á hjólum verð 5390 áhv lán 2,5 millj
uppl í síma 6945056 Pálmi

Felliþýsi



Til sölu Palomino 4103 10f m/for-
tjaldi,sólarsellu og fl.Vel með far-
ið,tilbúið í ferðalagið,ekkert áhv.Verð
1.900.000.stgr uppl.í s:6986309

Vinnuvélar



Lyftarar



Körfubíla-leigan.

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32
metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

Bátar

Lífabátar frá 159.900kr, blautgallar frá
34.900kr, þurrar allar m/öndum 69.900kr,
Barnavesti m/100N floti 9.900kr,
Sæpotavesti 9.900kr, Gasþjörgunavesti
(180N) 17.800kr. Fullt af vörum á www.gummibatar.is. Gúmmibátar & Gallar S:
5711020



Nýtt hlutverk

Garðkönnur sem ekki eru lengur í notkun geta verið fallegt skraut. Mikil þrýði getur verið að því að koma gömlu garðkönnunni fyrir á einhverjum góðum stað og jafnvel setja nokkur blóm í hana. Hugsanlega er hægt að grípa til hennar í neyð en ef engin þörf er á því getur verið ágætt að setja nokkra steina í botninn á henni svo hún haldist örugglega á sínum stað.




- eð

Garðkönnur í sterkum og fallegum litum lifga upp á garðinn.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

SANYL ÞAKRENNUR



- RYÐGA EKKI
- PASSA Í GÖMLU RENNUNÁRNIN
- STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
- AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
- ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ALFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

Gefðu vatn

Hjálparstarf
kirkjunnar

www.help.is

● **PARKETTIÐ HREINSAD** Við dagleg þrif á olíubornu parketti ætti að nota ryksugu eða þurmmoppu en strjúka ætti yfir þá fleti sem á koma mikil óhreinindi með rökum klút. Hins vegar ætti ekki að blautskúra olíuborið parkett. Hafa ber í huga að þegar gólf er þvegið þá þornar viðurinn, þess vegna er mikilvægt að nota réttar sápur til að halda æskilegu rakastigi viðarins. Þó þarf einnig að passa upp á að nota ekki of mikið af sápu því þá er hætt á að fita setjist á yfirborð viðarins.



Heimild: www.pm.is



● **SKREYTT MEÐ MINNING-UM** Skreytingar á heimilum þurfa ekki að vera flóknar. Hægt er að draga fram gamla hluti úr bernsku sinni eða frá fyrsta heimilinu og nota til skrauts. Finnið hlut sem ykkur þykir vænt um, eins og gamla eldhúsvog, teketil eða blómavasa og gerið að helsta skrauti stofunnar. Svo má bæta við nýjum fylgihlutum í bland við þann gamla.

● **HREINN KÆLISKÁPUR** Við affrýstingu kælikápa þarf að huga að ýmsu og gott er að ganga skipulega í verkið.

Best er að byrja á því að henda gömlum afgangum og grænmeti, einnig þeim matvörum sem komnar eru fram yfir síðasta neysludag. Ekki er gott að nota sterk hreinsiefni, matarsódi og vatn er ágætis kostur. Ef sápan er þó notuð verður að passa að skola kælikápin vel á eftir en sápan getur skilið eftir lykt sem sest í matvælin.

Skál með heitu vatni neðst í kælikápnunum flýtir fyrir affrýstingunni. Hárblásari getur einnig flýtt fyrir en þá verður að passa að blása bara á málmfleti.

Heimild: www.leidbeiningastod.is



Sumarhúsið og garðurinn
Jón Ársæll
Hóll minninganna
DRASL verður að djasni
Búðu þér til aðra veröld
Breytanleg hús
Aldingarður í öskunni
Ræktun kryddjurtu
Þambara vambara þeysingsprettir, því eru hér svo margir kettir?

Skráðu þig núna og þú færð þrjú eldri blöð með áskriftinni

Sumarhúsið og garðurinn
Hóll minninganna
Sumar allt árið
Comet vörð 1999

Upplifðu

sumar og sælu allt árið!
Pantaðu áskrift á www.rit.is
eða í síma 578 4800

Við verðum á sýningunni Blóm í Bæ í Hveragerði dagana 25. - 27. júní.

Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.



Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.

Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur  Apótek

Rafvirkjun



Löggildir rafverktakar
Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu. Nýlagnir og viðhaldsvinnu. Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502 www.raflist.is

KEYPT & SELT

Til sölu



Gámahús
Eigum á lager ný og notuð gámahús á góðu verði. Einnig flestar gerðir vörugáma.

Stólpi-Gámar ehf.
Klettagördum 5 Reykjavík
S. 568 0100 & 841 2040

Til sölu

Rýmingarsala - Síðustu dagar

Skrifstofuhúsgögn og ýmis búnaður

- Lucent sírstöð fyrir 15-30 notendur
 - El Steel tölvuskápur 2m með tengi brettum
 - Ricoh Afico 400 fullkomin ljósritunarvél tekur A3
 - 15 x skrifborð
 - 4 x skrifborðsstólar
 - 3 x möppuskápar
 - 3 x skjalaskápar
 - 1 x Rosengrens eldvarinn skjalaskápur
- 2 x fundarborð – 6 og 12 manna
 - 12 x stólar með svörtu ullaráklæði við fundarborð
 - 5 x kaffistólar
 - 8 x stólar með örmum
 - Sófar & hægindastólar
 - Eldhúsinnrétting m. Siemens tækjum
 - Graníthellur 100m2
 - Ásamt ýmsum öðrum búnaði

Til sýnis og sölu að Fiskislóð 73 frá kl. 13 - 18.

Opið mánud. - fimmtud.

Upplýsingar í s. 861 3889



HANDHOGGIÐ BLÁGRÝTI

TIL SÖLU

Tilboð óskast í c.a. 200

hleðslusteina úr blágrýti



Til sýnis og sölu að Fiskislóð 73

upplýsingar í s. 861 3889

ditto.is



Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. ditto.is Smíðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is

VERSLUNARTÆKNI

Flugnabani fyrir 180-375m²



16.900.- +VSK

www.verslun.is
Pöntunarsími: 5351300

Fortjald á Litið Hjólhýsi. A mál 7,65 Litur út eins og nýtt. verð 150 Þús sími 8221920

Skyggni á 9 feta Fellihýsi Litur út eins og nýtt Verð 50 þús. Sími 8221920

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Óskast keypt

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gull-smiðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripí. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiðið til fagmanns og fáíð góð ráð.

Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Vélar og verkfæri



39.900
ALHLÍDASÖG - VELTISÖG

RAFVÖRU MARKADURINN
VIÐ FELLSMÚLA
Sími: 585 2888

Til bygginga



Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Ótrúleg verð á gipsplötum (12.5 x 1200 x 2600) 2.050 kr. m.vsk platan - S:555-7905 www.ulfurinn.is

Harðviður til húsabygginga.

Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Ótrúleg verð á gipsplötum (12.5 x 1200 x 2600) 2.050 kr. m.vsk platan - S:555-7905 www.ulfurinn.is

Verslun

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

LEIÐLAÐ BÓÐU SAMBANDI

TANTRA

ERÓTISK VERSLUN



Vasaljósa múffurnar komnar aftur með eða án titrara. Besta verðið í bænum!

Opið mán-fös 12-20
Laugardaga 12-18 & í
Hlíðasmára á sunnud. 12-18

FAKAFEN 11 HLÍÐASMÁRI 13
s. 588 6969 & 587 6969
WWW.TANTRA.IS
www.facebook.com/tantraverslun

HEILSA

Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskysla.is. Rannveig iðjuþjálfri/einkapj. s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangir. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@isemntt.is

Nudd



TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

NUDD

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

NUDD - Tilboð - NUDD

Nudd kr. 3500,-
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900,-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 57 8 57 57 & 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

SPA - DREAM OASIS

Fáðu kort og nudd frítt.
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skróbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. <http://dreamoasis.magix.net>

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Dýrahald



Swedetop's ræktun er með hvolpa sem eru tilbúnir á framtíðarheimili. Áhugasamir hafi samband 896 3306 <http://www.swedetops.is>

Hundagalleríið auglýsir

Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með leyfi.

S. 566 8417 Tökum visa/euro

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

Silunganet - Silunganet
Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavik. Sími 892 8655. heimavik.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæluðyr leyfð.

Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðgöngur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is



Gautland, Fossvogur. Mjög góð 2ja herbergja íbúð með suðurverönd. Laus. Aðeins 5% útborgun. Greiðslubirgði um kr. 80.000 á mánuði. Verð 14,9 millj. Erlendur s. 897-0199.

Til leigu 100 fm 3 herb. íbúð í Kópavogi. Póstrn. 203. Bílajakallari og yfirbyggðar stórar svalir. Þvottavél, þurrkari, tvö-faldur ísskápur og svalarhúsgögn fylgja. Rólegt og þæginnlegt umhverfi. Leigist amk. í eitt ár. Leiga 130 þús. Laus frá 1.ág. Nánari uppl. í S 899 3052

Mosfellsbær. Rúmgóð og snyrtileg 2ja herb kjallaríbúð til leigu. Uppl. hjá sigr@simnet.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 85fm 4ja herb. íbúð í 108 með geymslu. Laus 1.ágúst. 125þús. 693 4532.

Húsnæði óskast

Reykjavík-Gran Canary

100 m2 fullbúin íbúð á svæði 110 Reykjavík í skiptum fyrir sambærilegt húsnæði á Cran Canary. Tímabil frá 1 sept. n.k. til 1 apríl 2011 eða eftir samkomulagi. Frekari uppl. dan@islandia.is eða 892-1474.

Atvinnuhúsnæði

Gott ca. 140m² skrifstofuhúsnæði á 2.h. í Skipholti. Laust til afh. Tölvulagnir/ljós-leiðari. Móttaka, 4 skrifst.herb., eldhús m. nýrri innr. Geymsla. Dúkur. Lyfta. Aðgangstýrð sameign. Næg bílastæði. Hagstæð leiga. Uppl. í síma 896 0747.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

Bílskúr

Ó.E bílskúr sv.112. Uppl í S. 862 8400

Gisting

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

ATVINNA

Atvinna í boði



Eldsmiðjan á Laugavegi
Ert þú orðin/n 25 ára, með mjög góða ensku- eða íslenskukunnáttu, getur unnið undir álagi og ert að leita að framtíðarstarfi? Eldsmiðjan á Laugavegi er að leita að vaktstjóra í eldhúsi. Reynsla af bakstri er æskileg, kunnátt á eldofn ekki nauðsynleg. Umsóknir á: <http://umsokn.foodco.is>



Rizzo Pizzeria Grensásvegi
Rizzo Pizzeria óskar eftir vönum pizzabakara og ábyrgum bílstjóra.
Umsóknareyðublöð á staðnum.

Smíðir.Tveir vanir smíðir geta bætt við-sig verkefnum. Vanir bæði nybyggingum og viðhaldi. S:892-2588

Kvöldvinna, auka- eða
Okkur vantar íslenskumælandi fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá kl.18-22. Góð laun í boði. Aldur 22+++ Uppl. í síma 699-0005 milli kl.14-19 virka daga.

Óskum eftir fólki til úthringinga á kvöldin. Tekjumöguleikar 100-250 þús á mánuði í aukastarfi. Uppl gefur Gísli í s: 553 6688 eða á gisli@tmi.is

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Ný Flymo 400 sláttuvél tapaðist föstudaginn 16/7 frá kl 18:30-19:15 úr kerru á leiðinni frá Kópavogi að Hvalfjarðargöngum. Skilvis finnandi hafi vinsamlegast samband í s:893 7990. Fundarlaun

Einkamál

Spjalldömur 908 5500

Opið þegar þér hentar.

SÍMAÞJÓNUSTUR



Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)

Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)

Gay spjall
535 9988 (kreditkort)

Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

SUMARTILBOÐ



TOSHIBA

- AMD Athlon II Dual Core örgjörvi
- 512MB ATI Radeon öflugt skjákort
- 500GB hljóðlátur diskur
- 4GB DDR minni

15,6"

109.989 kr.

Toshiba Satellite L500D-16L
2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile örgjörvi, 4GB DDR2 minni, 500GB SATA diskur, 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari, 15.6" WXGA LED breiðskjár, VGA vefmyndavél, 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort, Windows 7 Home Premium



- Full HD 1920x1080p upplausn
- DynaPix HD / 3x HDMI
- Stafrænn DVB-T móttakari

JVC
32" LCD

119.989 kr.

JVC LT32DR9
32" Full HD 1080p LCD breiðtjald með 1920x1080p upplausn, DynaPix Plus sem fjölgar línur og punktum, 7.500:1 skerpu, HD Ready, DVB-T stafrænum móttakara, 20w RMS MaxxBass Hljóðkerfi, 2 Scart, 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi ofl.



- KitchenAid hrærivél
- Stálskál

59.989 kr.

Kitchenaid 5K45SSEWH
Hrærivél með 250w direct drive mótör, 4,28 lítra stálskál, þeytara, hrærara og hnoðara.

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX

RAFTÆKI

Smurostar

á brauðið, á hrökkbrauðið,
í pastaréttina, í fiskréttina,
í sósumnar ...



ostur.is

Ó, þessir heltönnuðu tímar

BAKPANKAR
Gerðar
Kristnýjar

Í póstrúgunni sem beið mín eftir sum-
arfrí gat að líta athyglisverða gjöf frá
Arion banka. Þar var á ferðinni Einka-
klúbbskort og bæklingur með nöfnum
fyrirtækjanna sem bjóða korthöfum upp
á alls konar tilboð. Þar kennir ýmissa
grasa, svo sem afsláttar hjá fjórhjóla- og
hestaleigu, gleraugna- og ísbúðum, keilu-
höllum og fjölda veitingastaða. Þitsu-
staðir eru þar nokkuð áberandi en
sveifli maður kortinu býðst til
dæmis líka dágóður afsláttur af
dýrindisréttum Rauða hússins
á Eyrarbakka. Það er nú ekki
ónýtt.



EKKI þurfum við hjónin að
sitja þar náfól því þökk sé
Arion banka get ég nú tekið eig-
innmanninn með mér í brúnkumeð-
ferð án þess að þurfa að greiða
aukalega fyrir hann. Maður-
inn verður þó eftir heima
dytti mér í hug að bregða mér
í vaxtarmótun sem bankinn
reddar mér nokkurra þúsund
króna afslætti af. Svoleiðis
trakteringar er nefnilega
aðeins fyrir konur. Í bæk-
lingnum fylgir þessu tilboði
ljósmynd þar sem klipið er
með tóng í húðina á maga
ákaflega grannrar konu.

Þetta líkist því helst að fulltrúi spænska
rannsóknarréttarins sé að krefja hana
sagna, kannski um innihald síðasta skyr-
hrærings.

EKKI rugla vextinum sem þarna er mót-
aður saman við vextina sem koma á lánin
okkar. Það duga víst engar tengur á þá.
Einkaklúbbskortíð frá Arion banka minn-
ir mig óþægilega á fjárhag háskólaár-
anna. Þá þótti einmitt mikill fengur af því
að vera í þessum klúbbi og gott ef ekki
svolítill upphefð. Nema ég hafi oftúlk-
að nafnið á honum. Bankahrunið skaut
sumum okkar einmitt að nokkru leyti
aftur til háskólaáranna. Maður hefur
þurft að velta hverri krónu fyrir sér á
nýjan leik og reyna að stramma af lang-
anir sínar og þarfir.

ÞAÐ hefði verið gaman ef markaðsdeild
Arion banka hefði boðið upp á afslætti í
almennilegum matvörubúðum, barnafata-
verslunum eða til dæmis bókaúðum. Það
gæti nú verið búbot fyrir margar barna-
fjölskyldur í næsta mánuði þegar skólarn-
ir hefja göngu sína á nýjan leik. Gjafir
lýsa þeim sem gefur býsna vel um leið og
þær sýna hvaða mynd hann hefur af þeim
sem þiggur. Í ljósi þessa má þjóðin enn og
aftur þakka fyrir langlundargeðið sem
pestir, heffellir og bankahrun hefur ekki
tekist að murka úr henni.

myndasögur

■ **Pondus**



■ **Gelgjan**



■ **Handan við hornið**



■ **Barnalán**



Fasteignasölar velja Fréttablaðið

Reyndir auglýsendur eru meðvitaðir um þá staðreynd að 95% dagblaðalesenda lesa Fréttablaðið. Þeir vita líka að Morgunblaðið bætir einungis 5% við þann hóp. Auglýsingaféð nýtist því betur þegar Fréttablaðið er valið – og það skilar árangri!

	FRÉTTABLAÐIÐ	MORGUNBLAÐIÐ
FASTEIGNAMARKAÐURINN	100%	0%
EIGNAMIÐLUN	74%	26%
MIKLABORG	99%	1%
REMAX	100%	0%
FASTEIGNASALA MOSFELLSBÆJAR	100%	0%
HRAUNHAMAR	100%	0%

Heimild: Gagnagrunnurinn „Auglýsingamarkaðurinn í tölum“ frá Capacent Gallup 2010.

Fyrirtækin sem eru nefnd að ofan eru meðal 200 auglýsenda sem birta mest af auglýsingum í dagblöðum talið í dálksentimetrum.

Auglýsing
í Fréttablaðinu
er allt sem þarf

95%

Auglýsing í Fréttablaðinu nær
til yfir 95% lesenda blaðanna

68%

Lesi bara
Fréttablaðið

5%

Lesi bara
Morgunblaðið

27%

Lesi bæði
Fréttablaðið og
Morgunblaðið



> HASARHETJA Í FANGELSI

Hasarhetjan **Wesley Snipes** tapaði nýlega máli fyrir áfrýjunardómstól í Bandaríkjunum. Hann er því á leiðinni í fangelsi þar sem hann fékk þriggja ára dóm fyrir skattsvik.



fólk

folk@frettabladid.is

Stappar stálinu í dóttur sína

Sharon Osbourne, eiginkona rokkarans Ozzy, segir að dóttir þeirra, Kelly, eigi eftir að jafna sig á skilnaðinum við unnusta sinn, Luke Worrall. Kelly sleit trúlofun þeirra fyrr í vikunni en orðrómur er uppi um að hann hafi haldið framhjá henni. Kelly sendi nýlega frá sér Twitter-skilaboð þar sem hún viðurkenndi að eiga erfitt með að sætta sig við orðinn hlut. „Ég sagði við hana: „Þessi skilnaður er sá fyrsti af mörgum.“ Þetta er eitthvað sem við göngum öll í gegnum,” sagði Sharon. „Engin af mínum vinkonum hefur komist hjá því að lenda í hjartasorg og engin hefur endað með fyrsta náungan-

um sem hún hefur orðið ástfangin af. Ég þekki enga sem hefur lent í því.“

Sharon heldur áfram og stappar stálinu í dóttur sína: „Því miður fyrir hana þá er þetta eitthvað sem hún mun lenda í. Það þýðir ekkert að gera annað en að rífa sig upp og byrja upp á nýtt. Hún er virkilega sorgmædd núna en hún á eftir að ná sér. Við gerum það öll. Þegar allt kemur til alls þá lærir hún af þessu og hún getur enn þá tekið upp símann og hringt í okkur. Við erum ekki að fara neitt í burtu.“

SHARON OSBOURNE Eiginkona rokkarans Ozzy segir að dóttirin Kelly eigi eftir að jafna sig á skilnaðinum.



KELLY OSBOURNE Kelly sleit trúlofun sinni við Luke Worrall fyrir skömmu.

Skrítinn vinskapur

Fótboltatöffarinn David Beckham og rapparinn Snoop Dogg eru orðnir góðir vinir. Þeir búa báðir í Los Angeles og halda góðu sambandi en Beckham spilar með LA Galaxy. Beckham var einn sá fyrsti til að heyra nýjstu plötu Snoop.

„Síðan ég flutti til LA höfum við verið góðir vinir. Hann er mikill fótboltaaðdáandi og bauð mér í hljóðverið til að hlusta á hana á undan öllum öðrum. Hann spurði mig út í nokkur og lög ég sagðist hafa fílað þau öll.“ Beckham bætir við að hann hefði aldrei látið rapparann vita ef hann hefði ekki fílað lögin því Snoop var með tvo fílelda lífverði við hliðina á sér. „Þetta er dálítið skríttinn vinskapur en við náum vel saman. Hann er mjög hæfileikaríkur náungi og bara virkilega fínn.“




BECKHAM OG SNOOP Beckham og Snoop Dogg eru góðir vinir og deila með sér alls konar hlutum.

Polir ekki meir

Tímaritið The National Enquirer heldur því fram að Vilhjálmur Bretaprins hafi margóft haldið framhjá kærustu sinni, Kate Middleton, og að stúlkan viti af því en kjósi að líta framhjá því þar til nú.

„Það er verið að undirbúa Kate undir lífið í konungshöllinni og hún hefur lært allar reglurnar, en einn ráðgjafinn sagði henni að hún ætti ekki að kippa sér upp við það þótt prinsinn haldi áfram að taka sér hjákonur í framtíðinni,“ var haft eftir ónefndum heimildarmanni. „Kate finnst Vilhjálmur hafa komið mjög illa fram við hana og verst þykir henni að hann reynir ekki einu sinni að fela hin samböndin,“ sagði vinur Middleton. Miklar vangaveltur eru um hvort prinsinn og Middleton munu ganga í hið heilaga á næstunni, en þau hafa verið saman í sjö ár.



POLIR EKKI MEIRA Vilhjálmur Bretaprins á að hafa haldið margóft framhjá kærustu sinni, Kate Middleton.

TRYLLITÆKI FRÁ NATÓ UPP Á LANGJÖKUL

Hinn tröllvaxni Ice Explorer-bíll er nýkominn til landsins. Hann er notaður í ferðalög upp á Langjökul þar sem ekkert fær hann stöðvað.

„Þetta er bylting fyrir okkur,“ segir Arngrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri og eigandi Ice. Fyrirtækið býður nú upp á ferðir á Langjökul á sérútbúnu jöklaferðaræki frá Póllandi sem er það eina sinnar tegundar hér á landi. Bíllinn, sem var upphaflega notaður af Nató, tekur allt að 45 farþega og undir honum eru átta risastór dekk. „Við fengum hann til landsins 15. júní. Þá var búið að vera að útbúa hann fyrir okkur erlendis. Umferðarstofa þurfti svo að taka hann út,“ segir Arngrímur. „Þetta er eiginlega fyrsti jöklabíllinn sem er með hópferðaleyfi.“

Venjulega hefur fólk farið upp á jökla á hefðbundnum jeppum sem hafa í mesta lagi tekið tíu farþega en sá fjöldi fjórfaldast með tilkomu Ice Explorer-jeppans eins og hann er kallaður. Ferðalagið fer þannig fram að fólk ekur bílum sínum upp að jökulröndinni í gegnum Húsafell. Eftir það er farið upp að Geitlandsjökli. „Þá erum við í tvo og hálfan tíma til þrjá tíma á toppinn og sýnum jökulbráðnunina. Hvernig hlýnunar jarðar er að fara með jökulinn okkar,“ segir Arngrímur.

Góð aðsókn hefur verið í ferðirnar og stutt er síðan Íslenska Þjóðdansafélagið stóð fyrir ferð þangað upp með erlendum þjóðdönsurum. „Það fóru fjórutíu manns upp á jökul og við tókum sporið að sjálfsögðu,“ segir hann.

freyr@frettabladid.is

ICE EXPLORER-BÍLINN:

Þyngd: 20 tonn	Burðargeta: 10 tonn	Vél: V8 dísil	Hestöfl: 360	Fjöldi gíra: 16
--------------------------	-------------------------------	-------------------------	------------------------	---------------------------

ICE EXPLORER Hinn tröllvaxni bíll er notaður í ferðir upp á Langjökul og tekur allt að 45 farþega.



ÞJÓÐDANSAFÉLAGIÐ Íslenska þjóðdansafélagið stóð fyrir ferð á Langjökul. Að sjálfsögðu tók fólkíð sporið.



Skemmtileg viðbót á ostabakkann

Dalahringur er nýr og bragðmildur hvítmygluostur. Lögun ostsins gerir það að verkum að hann þroskast hraðar en aðrir sambærilegir mygluostar á markaðnum. Gríptu með þér Dalahring í næstu verslun.



BJARTUR KYNNIR: ÞRÍJÁR STÓRKOSTLEGAR KILJUR

ÓMISSANDI



„Stórkostlegt byrjendaverk, gripandi frá fyrstu síðu og slær enga feilnótu.“
– Frankfurter Allgemeine Sonntagszeitung

Maður heggur konu sína í spað en hlýtur vægustu refsingu. **Sannar sögur af sérstökum sakamálum** og skrytnum örlögum, stórar spurningar um glæp og refsingu.

Þrefaldur handhafi Gullna rýtingsins



Fred Vargas er frönsk skvísa, alþjóðlegur og margverðlaunaður metsöluhöfundur. Aðalpersónan **Adamsberg**, með sitt djúpa innsæi, er einstaklega heillandi enda á hann sér fjölmarga aðdáendur.



„Besta bók ársins“
– The Times

Ein og sönn sumarlesning: „Blandið saman í stórum potti, piprið með væntumþykkju, krúttleghheitum og gamansögum, hrærið vel og útkoman verður Bókmennta- og kartöflubökufélagið . . . Vel skrifuð skemmtilesning“ – **BHÓ Midjan.is**

Meinlaus lágspenna

Bió ★★

Knight and Day

Leikstjóri: James Mangold

Aðalhlutverk: Tom Cruise, Cameron Diaz, Peter Sarsgaard

Roy Miller er ofboðslega klár og flinkur leynipjónustumaður og er svo snjall í meðferð skotvopna, hnifa sem og slagsmálum með berum höndum að jafnoki hans finnst vart hérna megin grafar. Svikurum í hans röðum tekst að klína upp á Roy rögum sökum um að hann leiki tveim skjöldum þannig að hann er útlægur ger úr klúbbi njósnara.

Ástæðan er sú að Roy hafði komist á snodir um áform vinnufélaga síns um að ræna nýppfundinni eilífðarrafhöðu og selja vondum vopnaframleiðanda.

Áður en Roy lagði á flótta undan fyrrum félögum sínum tókst honum að stela rafhlöðunni og senninu sem fann hana upp þannig að nú leggja bæði leynipjónustan og vondi vopnaframleiðandinn ofurkapp á að hafa hendur í hári hans.

Á flugvelli rekt Roy, bókstaflega, á bifvélavirkjann þokkafulla June Havens og áður en stúlkán sú veit af er hún komin á kaf í háskalegan darraðardans við her af illmennum þannig að henni er sá illskásti kostur vænstur að hanga með Roy til þess að eiga einhverja möguleika á að halda lífi.

Sögubráður myndarinnar skiptir í sjálfu sér engu máli og er vægast sagt gísinn þar sem hann gengur út á það eitt að Tom Cruise og Cameron Diaz geti hlaupið, flogið eða keyrt á milli skotbardaga og ýkra hasaratriða sem eru öll þau leiðinlega marki brennd, þrátt fyrir íburðinn, að persónurnar eru aldrei í raunverulegri hættu. Sennilega vegna þess að Roy er klárari en allir hinir og sallar óvinina niður



ÓFYNDIN OG ÓSPENNANDI Biógestir verða ekki fyrir neinum hjartsláttartruflunum af völdum spennu eða hláturs á Knight and Day.

skælbrosandi og reyntandi af sér brandara. Í þessu er enginn háski, sáralítill spenna og það versta er að þetta er ekkert sérstaklega fyndið heldur.

Aðstandendur Knight and Day hafa líklega ekkert verið að stressa sig of mikið yfir smáatriðum á borð við styrk handrits, rökrétta söguframvindu og annað slíkt þar sem vinsældir Cruise og Diaz þykja án efa næg trygging fyrir viðunandi aðsókn.

Fylgispekt fólks við þessar Hollywood-stjörnur hefur öllu meira með friðar snoppur þeirra og meintan kynþokka heldur en leikhæfileika að gera. Maður á svosem auðveldara með að skilja þetta í tilfelli Diaz þar sem hún er ákaflega eðlileg og hugguleg dúlla þannig að erfitt er að þykja ekki þínu vænt um hana. En svo ég haldi nú áfram að vera ófagmannlegur gagnrýnandi og segi bara það sem mér finnst hreint út þá þykir mér með mestu ólíkindum hvernig fólk nennir að þúka upp á Tom Cruise, jafn staðlaður, litlaus og leiðinlegur sem hann er. Hann hefur vissulega

átt sínar stundir og sýnt tilþrif en vinsældir hans og launakröfur eru samt sem áður ekki í neinu samræmi við hæfileika hans og getu.

Þar sem eitthvert réttlæti fyrirfinnst nú samt í heimi hér hefur gengisvísitala Cruise farið heldur niður á við á undanföllum árum og ef til vill liggur þar skýringin á því að hann kjósi að leika á jafn dauðhreinsaðri, auðmeltri og aðgengilegri ekki-spennumynd og Knight and Day er.

Aðdáendur Cruise og Diaz verða samt varla fyrir vonbrigðum enda vita þeir upp á hár hvað þeirra fólk kann og getur. Aðrir þurfa ekkert að hafa fyrir því að halda sér vakandi en þeir verða heldur ekki fyrir neinum hjartsláttartruflunum af völdum spennu eða hláturs.

Þórarinn Þórarinnsson

Niðurstaða: Meinlaus og kjánaleg glansmynd þar sem stórstjörnur fá að vera voða sætar og klárar að berjast í lítt spennandi spennumynd sem er sérstaklega löguð að smekk fólks sem vill almennt trúa því að heimurinn sé fallegur og lífið æði.

Pink slösuð

Söngkonan Pink datt á tónleikum sínum í Nürnberg í Þýskalandi á fimmtudagskvöldið. Söngkonan átti að svífa yfir sviðið á meðan hún söng lagið Glitter In The Air en hafði ekki fest sig nægilega vel með þeim afleiðingum að vir sem hélt henni uppi slitnaði og Pink féll niður á sviðið. Söngkonan var flutt með sjúkrahúsi til aðhlynningar og á leiðinni sendi hún aðdáendum sínum skilaboð í gegnum Twitter síðu sína. „Mér þykir mjög leitt að tónleikarnir hafi endað með þessum hætti. Ég skammast mín og biðst afsökunar. Ég vona í það minnsta að fallið hafi litið vel út í ykkar augum.“

DATT Söngkonan Pink slasaði sig á tónleikum í Þýskalandi á fimmtudaginn.



Ekki pabbi alveg strax

Leikarinn Leonardo DiCaprio getur vel hugsað sér að eignast börn í framtíðinni. Hann er þó ekki tilbúinn í föðurhlutverkið alveg strax. „Langar mig að verða pabbi? Já, en ég held að það séu nokkur ár í það,“ sagði DiCaprio, sem er á föstu með ísraelsku fyrirsætunni Bar Refaeli. „Að því sögðu þá finnst mér ég ekki þurfa að eiga börn til að leika pabba í bíómyndum. Þessi tilfinning bæririst alveg innra með mér og ég hef fullan skilning á henni.“ Nýjasta mynd DiCaprio nefnist Inception og er í leikstjórn Christophers Nolan sem síðast sendi frá sér The Dark Knight.

LEONARDO DICAPRIO Leikarinn getur vel hugsað sér að eignast börn í framtíðinni.



NÝTT Í BIÓ!

16 LUXUS

★★★★

-News of the World

★★★★

-Timeout London

Óttinn rís á ný... í þessum svaklega spennutrylli

PREDATORS

★★★★★

Bráðfyrir og hjartnæm frá byrjun til enda. Lang besta Shrek myndin og það eru engar ykkjur - Boxoffice Magazine

SHREK FOREVER AFTER 3D

L

12

★★★★

"Hrðskreið og hlaðin fjöri. Tom Cruise hefur sjaldan verið hressari!" -T.V. kvikmyndir.is

★★★★

"Fullkomlega óhætt að mæla með Knight and Day sem lauflettu sumarsprelli!" -SVT, MBL

MISSIÐ EKKI AF HASAR GAMANMYND SUMARSINS

TOM CRUISE CAMERON DIAZ

KNIGHT AND DAY

SMÁRA BIÓ		HÁSKÓLA BIÓ			
Sími 564 0000		Sími 530 1919			
PREDATORS	kl. 8-10:20	16	PREDATORS	kl. 5:40-8-10:20	16
PREDATORS LUXUS	kl. 5:40-8-10:20	16	KNIGHT AND DAY	kl. 5:30-8-10:30	12
SHREK 4 3D 3D ISL TAL	kl. 3:30-5:45	L	KILLERS	kl. 5:45-8-10:15	12
SHREK 4 2D ISL TAL	kl. 3:30-5:45	L	GROWN UPS	kl. 5:45-10:30	L
SHREK 4 3D ENSKT TAL	kl. 3:30-5:45	L	THE A TEAM	kl. 8	12
KNIGHT AND DAY	kl. 8-10:30	12	BORGAR BIÓ		Sími 462 3500
KILLERS	kl. 10:30	12			
GROWN UPS	kl. 3:30-5:45-8-10:20	L	PREDATORS	kl. 8-10	16
facebook.com/smarabio			KNIGHT AND DAY	kl. 8-10	12
			KILLERS	kl. 6	12

NÝTT Í BIÓ

LAUGARÁS BIÓ

Sími: 553 2075

- bara lúxus

SHREK FOREVER AFTER 3D

PREDATORS

CRUISE DIAZ KNIGHT AND DAY

LAUGARÁS BIÓ SÝNINGARTÍMAR	
SHREK 4 ENSKT TAL 3D	4, 6 og 8
SHREK 4 ISLENSKT TAL 2D	4
SHREK 4 ISLENSKT TAL 3D	4 og 6
PREDATORS	8 og 10 (POWER)
KNIGHT AND DAY	5:50, 8 og 10:10
THE A - TEAM	10:10

SHREK FOREVER AFTER 3D

SHREK SÆLL ALLA DAGA

SHREK FOREVER AFTER 3D

BOBBERI

TOY STORY 3

Besta Twilight myndin til þessa

eclipse

BOBBERI

TOY STORY 3

SÁLUBERK ALFABAKKA		SÁLUBERK KRINGLUNNI	
SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D	Ísl. Tali kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D	Ísl. Tali kl. 3:40 - 5:50
SHREK SÆLL ALLA DAGA	Ísl. Tali kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	SHREK FOREVER AFTER-3D	ensku Tali kl. 8 - 10:10
SHREK FOREVER AFTER-3D	ensku Tali kl. 8 - 10:10	LEIKFANGASAGA 3 - 3D	M/Ísl. Tali kl. 3:20 - 5:40
BOBBERI	kl. 8 - 10:10	TOY STORY 3-3D	M/ensku Tali kl. 8
Twilight Saga : Eclipse	kl. 5:40 - 8 - 10:40	BOBBERI	synd á morgun kl. 10:20
Twilight Saga	kl. 3 - 5:40 - 8 - 10:40	Twilight Saga : Eclipse	kl. 5:30 - 8 - 10:40
Nightmare on Elm Street	kl. 10:50	SÁLUBERK AKUREYRI	
LEIKFANGASAGA 3	Ísl. kl. 1 - 1:30 - 3:20 - 3:40 - 5:50	SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D	Ísl. Tali kl. 6
TOY STORY 3	ensku Tali kl. 8 - 10:20	SHREK FOREVER AFTER-3D	ensku Tali kl. 8 - 10
SEX AND THE CITY 2	kl. 8	LEIKFANGASAGA 3	Ísl. Tali kl. 6
PRINCE OF PERSIA	kl. 5:40	Twilight Saga : Eclipse	kl. 8
AD TEMJA DREKANN SINN 3D	Ísl. Tali kl. 1:30 - 3:40	BOBBERI	kl. 10:30
já NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BIÓ HJÁ JÁ - 118		SÁLUBERK SELFOSI	
		SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D	Ísl. Tali kl. 6 - 8
		GROWN UPS	kl. 10:10
		KILLERS	kl. 8 - 10:10
		BOBBERI	kl. 6

Nú er rétti tíminn til framkvæmda:

100%



endurgreiðsla

á virðisaukaskatti af keyptri vinnu
og allt að 300.000 kr. frádráttur
frá skattstofni.

Sjá nánar á www.allirvinna.is

Gæða- pakefni í BYKO!

Íslensk framleiðsla
í hæsta gæðaflokki.

Í BYKO færðu allar gerðir og liti
af gæðapakefni á frábæru verði.



EXPO - www.expo.is



> Stjarnan fer til Grindavíkur

Einn leikur fer fram í Pepsi-deild karla í kvöld er Stjarnan sækir Grindavík heim. Grindvíkingar eru í næstneðsta sæti deildarinnar og þurfa sárlega á sigri að halda. Liðið mun mæta til leiks með tvo nýja leikmenn og verður áhugavert að sjá hvernig þeir koma út fá þeir að spila. Stjarnan er í sjöunda sæti deildarinnar og þarf sárlega á sigri að halda ætli liðið sér að vera með í pakkanum í efri hluta deildarinnar.



STEFÁN ÞÓRÐARSON: TÓK ÓVÆNT FRAM SKÓNA PEGAR ÍA HEIMSÓTTI HK Í KÓPAVOGINN

Reikna ekki með því að spila meira í sumar

Framherjinn Stefán Þórðarson reif óvænt fram skóna um helgina er ÍA sótti HK heim í Kópavog. Þetta var fyrsti leikur Stefáns fyrir ÍA í rúm tvö ár en hann hafði áður lýst því yfir að hann væri búinn að leggja skóna á hilluna.

„Þórður þjálfari hringdi í mig daginn fyrir leik og bað mig um að redda sér. Það vantaði marga leikmenn í hópinn og lítil reynsla á bekknum. Þar sem ég var staddur á Síamótínu í Kópavogi var það sjálfsagt mál að bjarga honum. Ég þurfti ekkert að fara til þess að spila,” sagði Stefán léttur í blíðviðrinu í Kópavogi.

„Það var talað um að ég myndi spila svona 15 mínútur enda er Hjörtur ekki alveg í formi til þess að spila í 90 mínútur. Tala nú ekki um þar sem við vorum manni færri allan leikinn. Hjörtur átti síðan stórleik og spilaði sinn langbesta leik í sumar.

Ég tók svo hans stöðu og verð að viðurkenna að það

var mjög gaman að koma aftur á völinn.”

Stefán segist ekki vera í neitt sérstaklega góðu formi enda æfir hann ekki að staðaldri. Hann segist detta inn á einstaka æfingu hjá Skagamönnum enda erfitt að hætta algjörlega að sparka í bolta.

„Það hefur verið mikil pressa á mér að vera með og sérstaklega þar sem það gekk illa til að byrja með. Ég er beðinn daglega um að koma aftur. Ég reikna ekki með því að spila meira í sumar en ég hef lært það af reynslunni að maður á aldrei að segja aldrei. Það er því best að segja sem minnst,” sagði Stefán og hló við.

„Það er vissulega ekki auðvelt að halda sig frá þessu og mér finnst gaman að mæta á æfingar. Við sjáum bara hvað setur en eins og ég segi er ólíklegt að ég spili meira.”



ÍBV

1-0



Fram

Hásteinsvöllur, áhorf.: 852. Jóhannes Valgeirsson (7)

1-0 Danien Justin Warlem (65.)

TÖLFRÆÐIN	
Skot (á mark)	13–7 (8–6)
Varin skot	Albert 6 – Hannes 7
Horn	5–6
Aukaspyrnur fengnar	8–11
Rangstöður	2–5

ÍBV 4–5–1	FRAM 4–4–2
Albert Sævarsson 7	Hannes Halldórsson 6
Matt Garner 7	Sam Tillen 6
*Rasmus Christia. 8	Kristján Hauksson 5
Eidur Sigurbjörns. 7	Jón Orri Ólafsson 6
Þórarinn Valdimars. 8	Joe Tillen 6
(80., Anton Bjarna. -)	(63., Ivar Björns. 6)
Finnur Ólafsson 7	(90., Daði Guðm. -)
Tony Mawejje 6	Almar Ormarsson 7
Ásgeir A. Ásgeirsson 6	Halldór H. Jónsson 6
(77., Yngvi Borgb. -)	Jón Eysteinnsson 7
Arnór Eyvar Ólafs. 6	Tómas Leifsson 6
Trygvi Guðmunds. 6	Jón Guðni Fjóluson 6
Danien Warlem 7	Hjálmar Þórarinnsson 6
(68., Eyþór Birgis. 6 -)	(68., Guðm. Magnú. 6)
*Maður leiksins	



FÖGNUMUR Eyjamenn eru hreinlega óstöðvandi þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Pepsi-deild karla: ÍBV á flugi

FÓTBOLTI Einn leikur fór fram í Pepsi-deild karla á laugardag er Fram sótti ÍBV heim á Hásteinsvöll. ÍBV gefur ekkert eftir í toppbaráttunni og lagði Fram 1-0 með marki Suður-Afríkumannsins Danien Justin Warlem.

„Ég er gífurlega sáttur við leik liðsins. Það var enginn sem bar af en allir stóðu sig vel,” sagði kátur þjálfari ÍBV, Heimir Hallgrímsson.

„Það er mikil stemning í liðinu og það eru í raun engin brögð á bak við það. Strákarnir sjá um það mikið sjálfir. Bæði þeir sem eru inni á vellinum og þeir sem eru utan vallar.“

Þorvaldur Örlýgsson, þjálfari Fram, var ekki nógu sáttur.

„Þetta var leikur sem við áttum aldrei að tapa. Fyrri hálfleikur einkenndist af því að ÍBV var að kýla boltann mikið fram og við einfaldlega náðum ekki að nýta okkur plássid sem skapaðist þá á milli varnar og miðju.“ - vsh

Staðan í Pepsi-deild karla:

Breiðablik	12	8	2	2	28-13	26
ÍBV	12	8	2	2	19-9	26
FH	12	5	4	3	21-18	19
Keflavík	12	5	4	3	12-13	19
Valur	12	4	6	2	20-18	18
Fram	12	4	5	3	18-17	17
Fylkir	11	4	3	4	23-22	15
Stjarnan	11	3	4	4	20-19	13
KR	11	3	4	4	17-18	13
Selfoss	12	2	2	8	15-26	8
Haukar	12	0	7	5	15-25	7
Grindavík	11	2	1	8	11-21	7

Blikar flugu beint aftur á toppinn

Breiðablik skellti sér aftur í toppsæti Pepsi-deildar karla er liðið skellti Keflavík, 0-2, í Bítlabænum. Bæði lið fengu sín færi en Blikar nýttu sín á meðan Ingvar Kale varði allt sem kom á mark Kópavogsliðsins.

FÓTBOLTI „Það er gott að vera kominn á toppinn aftur en ÍBV er á einhverju svaka skriði og við verðum að halda í við þá til að halda okkur við toppinn, svakalega sætt að sigra hér í Keflavík,” sagði Kári Ársælsson, fyrirliði Breiðabliks, sáttur eftir sigurinn á Keflavík í gær.

„Við vissum það að við þurftum að sigra þennan leik þar sem Eyjamenn unnu sinn leik. Þetta var svona vinnusigur og við sýndum mikinn karakter en ég veit ekki hvort þreytan hafi setið í mönnum eftir ferðalagið um daginn. Við töpuðum fyrir þeim í fyrri umferðinni og var því mjög sætt að mæta hér og svara fyrir það með sigri,” sagði Kári en hann segir góða tilfinningu að vera á toppnum og að þetta sé eitthvað sem hann gæti auðveldlega vanist.

„Það er gaman að vera á toppnum og Breiðablik hefur aldrei verið á toppnum. Það er virkilega góð tilfinning og hægt að venjast því alveg auðveldlega. Það var markmiðið fyrir mót að enda sem meistarar og við ætlum að vinna þetta mót,” sagði fyrirliðinn ákveðinn í leikslök.

Haraldur Freyr Guðmundsson, fyrirliði Keflavíkur, var ekki eins ánægður og Kári en hann segir titilvonir liðsins orðnar að engu eftir tapið í gær.

„Við erum greinilega ekki með þetta topplið sem við héldum og verðum bara að fara sætta okkur við það að vera í einhverju miðjuhnoði. Þegar það er jafnt mót þá er sjö stiga forskot ansi gott forskot,” sagði Haraldur svekkur í leikslök.

„Við verðum að vinna okkur úr þessum vandamálum sem eru greinilega að skora mörk, það sjá allir sem mæta á leiki. Þetta er auðvitað ekkert búið og fullt eftir af þessu móti en það er bara næsti leikur sem telur og við verðum bara að þjappa okkur saman og gíra okkur upp í þann leik, þannig virkar þetta,” sagði Haraldur Freyr fyrirliði frekar svekktur



ÖLL SUND LOKUÐ Hörður Sveinsson og sóknarmenn Keflavíkur náðu ekki að skora í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

enda er Keflavík að missa Breiðablik fram úr sér.

Eftir góða byrjun hafa Keflvíkingar gefið eftir í toppbaráttunni. Vandamál liðsins er sem fyrr að skora mörk og það kom í bakið á þeim í gær.

Blikar að sama skapi eflast við hverja raun. Eftir að liðið braut þann múr að komast á toppinn hefur ekkert verið að trufla Kópavogsliðið sem sýnir sífellt meiri þroska og yfirvegum í sínum leik. Þessu Blikaliði eru allir vegir færir í sumar.

- rog



KEFLAVÍK

0-1 Kristinn Steindórsson (72.)
0-2 Alfreð Finnbogason (86.)
Keflavíkurvöllur, áhorf.: 14.411
Dómari: Þóroddur Hjaltalín Jr. (6)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	15–12 (8–3)
Varin skot	Ómar 3 – Ingvar 8
Horn	3–8
Aukaspyrnur fengnar	11–5
Rangstöður	6–3



BREIÐABLIK

Keflavík 4–4–2 Ómar Jóhannsson 5 - Alen Sutej 6 (82., Sigurður Sævarsson -), Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Bjarni Hólm Aðalsteinsson 6, Brynjar Guðmundsson 5 - Paul McShane 5, Hólmur Örn Rúnarsson 6, Magnús Sverrir Þorsteinsson 5, Jóhann Guðmundsson 6 (77., Ómar Sigurðsson -) - Guðmundur Steinarsson 6, Hörður Sveinsson 6 (77., Magnús Matthíasson -).

Breiðablik 4-2-3-1 *Ingvar Kale 8 - Árni Gunnarsson 6, Kári Ársælsson 6, Elfar Freyr Helgason 6, Jökull Elísabetarson 5 - Finnur Orri Margeirsson 6, Kristinn Jónsson 6 - Haukur Baldvinsson 5 (64., Andri Yeoman 6), Alfreð Finnbogason 7, Kristinn Steindórsson 7 (84., Olgeir Sigurgeirsson -) - Guðmundur Pétursson 6 (64., Arnór Sveinn Aðalsteinsson 6).

Suður-Afríkumaðurinn Louis Oosthuizen vann óvæntan en afar öruggan sigur á Opna breska í golfi:

Lykilatriði að vera rólegur og yfirvegaður

GOLF Það var aldrei mikil spenna á lokadegi Opna breska meistaramótinu í golfi í gær. Suður-Afríkumaðurinn Louis Oosthuizen sýndi að hann er með stáltaugar og gaf aldrei færi á sér á lokadeginum á St. Andrews. Á endanum vann hann öruggan sjö högga sigur á mótinu.

